

SKÓLAVARÐAN

2. tbl. 13. árg. 2013



KENNASAMBAND
ÍSLANDS

Vendikennsla
Skóli framtíðar
Grasrótin rís upp
Með krökkum og kópönistum
Viðtal við menntamálaráðherra



LearnPad Quarto 9,7"

Spjaldtölvun fyrir nám og kennslu!

LearnPad býr yfir stillanlegu og notendavænu viðmóti sem veitir nemendum öruggan aðgang að viðurkenndum forritum, námsefni og heimasíðum.

Spjaldtölvun er með innbyggðan, öruggan vafra sem kemur í veg fyrir að nemendur séu inni á óæskilegum vefsíðum og beinir athygli þeirra að fyrirbyggjandi verkefnum. Í vefverslun LearnPad er öppum raðað eftir námskrá.

Forritið sem fylgir LearnPad (LearnPad Connect) má kaupa sérstaklega fyrir aðrar Android spjaldtölvur, t.d. Samsung Galaxy Note og Samsung Galaxy Tab.

Sjá nánar á heimasíðu okkar: www.a4.is eða á www.learnpad.co



www.a4.is / sími 580 0000 / panta@a4.is

A4 Skeifunni 17 / **A4** Smáratorgi 1 / **A4** Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði

A4 Dalsbraut 1, Akureyri / **A4** Miðvangi 13, Egilsstöðum / **A4** Austurvegi 65, Selfossi





Guðlaug Guðmundsdóttir

Veldur hver á heldur

Kennarasamband Íslands stendur á margháttuðum tímamótum. Framundan er þingvetur og kosningar í öll helstu embætti, auk þess sem samningar allra aðildarfélaganna eru lausir. Hætt er við að baráttan endalausa fyrir bættum kjörum eigi eftir að taka á og nú reynir enn einu sinni á samstöðuna.

Beittasta vopnið í kjarabaráttu hverrar stéttar er án efa fagmennska hennar. Kennarar á Íslandi hafa einhverra hluta vegna ekki notið þeirrar virðingar í starfi sem þeim ber. Þetta birtist í háðslegri meðferð á kennurum í bókmenntum þjóðarinnar, ótrúlegu áhugaleysi fjölmiðla á skólamállum og síðast en ekki síst í lágum launum stéttarinnar. En myndin af kennurum breytist. Reyndin er nefnilega sú að mikil fagleg gróska ríkir meðal kennara og skólastjórnenda á öllum skólastigum hér á landi. Þeir eru vel menntaðir, áhugasamir og fylgjast ágætlega með nýjungum. Þetta sést best þegar blásið er til ráðstefna og málþinga.

Fagmennsku kennara og skólastjórnenda þarf að kynna vel, bæði inn á við og út fyrir raðir félagsmanna sjálfra. Skólavarðan, eina tímaritið á Íslandi sem fjallar um fag- og kjaramál kennarastéttarinnar, er dýrmætur miðill sem ber að hlúa vel að og efla. Hún er vettvangur kennara til að þetta eigin raðir og auka virðingu sína.

Þar sem þetta er síðasta Skólavarðan sem ég ritstýri vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim sem lögðu mér lið við að gera undanfarin fjögur tölublöð úr garði.

Ég óska félagsmönnum KÍ farsældar um ókomna tíð.
Guðlaug Guðmundsdóttir

Ritstjóri: Guðlaug Guðmundsdóttir
gudlaug@ki.is / sími 595 1106.

Ábyrgðarmaður: Þórður Á. Hjaltested thordur@ki.is.

Umsjónarmaður félagatals:

Fjóla Ósk Gunnarsdóttir fjola@ki.is / sími 595 1115.

Forsíðumynd: Jón Svavarsson.

Hönnun og prentun: Oddi Umhverfissvottuð prentsmiðja.

Auglýsingar: Stella Kristinsdóttir stella@ki.is / sími 595 1142 eða 867 8959.

Prófarkalestur: Urður Snædal urdur.snaedal@gmail.com.

- efnisyfirlit
- 1 LEIÐARI
 - 2 FORMANNSKJÖR
 - 4 BARÁTTUFUNDUR
 - 6 LÍFFRÆÐI
 - 9 KJARAMÁL
Svíar setja milljarða í framgangskerfi kennara
 - 10 KJARAMÁL
Samningar leiðréttinga eða brostinna vona?
 - 12 KJARAMÁL
Stofnanasamningar í framhaldsskólum
 - 14 NÁMSTEFNA
Skóli framtíðar
 - 17 FERÐALÖG
Formaður FSL á ferð og flugi
 - 18 SKRÓP
Mér leiðist, ég er útundan og kennarinn sér mig ekki
 - 20 KJARAMÁL
Afsakið, er ég að trufla?
 - 21 FÉLAGSMÁL
Stefna Félags tónlistarskólakennara
 - 22 NÝJUNG
Próunarsamvinna ber ávöxt
 - 24 REKSTUR
Nemendahappdrætti grunnskólanna
 - 25 LÖGFRÆÐI
Óvæginn umræða um einelti í skólum
 - 26 RÁÐSTEFNA
Mikilvægt að efla virðingu kennarastarfsins
 - 27 VIÐTAL
Kjör kennara ekki samkeppnishæf
 - 30 VIÐTAL
Með krökkum og kompónistum
 - 33 SIÐANEFND
Siðareglur - nytsamlegur stuðningur við siðferðiskenndina.
 - 34 HEILSAN
Röddina þarf að viðurkenna sem bótaskýlt atvinnutæki
 - 36 KHAN ACADEMY
 - 38 LESTRARFÆRNI
Lestur er leikur einn á Reykjanesi
 - 39 KJARAMÁL
Ég er leikskólakennari og vinn sérfræðistarf
 - 40 MENNTUN
Ungt og efnilegt fólk mun flykkjast í kennaranám ef...
 - 42 VIÐTAL
Við lok formlegs náms verður nýtt upphaf
 - 46 KENNSLUFRÆÐI
Sköpun
 - 48 NÝJUNG
Lærum og leikum með hljóðin
 - 49 NÝJUNG
Fljúgandi teppi
 - 50 ÞRÓUNARVERKEFNI
 - 52 STARFSÞRÓUN
Skólaheimsóknir og kennslugagnasýningar
 - 53 NÝJUNG
TRAS-skráning
 - 54 SMÍÐSHÖGG
Höfum kennaralaunin á Íslandi jafn góð og í öðrum löndum
 - 56 KROSSGÁTA



KENNASAMBAND
ÍSLANDS

Þeir bjóða sig fram til formanns KÍ

Einar Þór Karlsson

Ég er kvæntur Karitas Bergsdóttur og við eigum börnin Elías Karl, tíu ára, og Victoríu Dís, fjögurra ára. Ég á einnig tuttugu og eins árs dóttur frá fyrra hjónabandi, Ísold. Ég hef meðal annars unnið við verslunarstörf, í fiskvinnslu, við húsviðgerðir og sölustörf, gert leikskrár fyrir leikhús, verið kvikmyndargerðarmaður, þýðandi, fræðslustjóri hjá Vinnuskólanum og svo auðvitað grunnskólakennari í nær 14 ár.

AF HVERJU BÝÐUR ÞÚ ÞIG FRAM?

Ég er í framboði fyrir þá kennara sem líður eins og mér, sem hafa líka sýn og eru orðnir þreyttir á að láta troða á sér. Formaður KÍ á að vera í góðu sambandi við kennara, tala máli þeirra og beita sér fyrir því að litið sé á þá sem sérfræðinga sem mennta nemendur. Kennarastarfið á að vera virðingarvert, eftirsóknarvert og vel launað. Formaður KÍ á að vinna að því að svo sé og sjá til þess að hlustað sé á kennara.

Grunnskólakennarar sýndu það í lðnó að þeir vita hvað þeir vilja. Framhaldsskólakennarar, tónlistarskólakennarar og leikskólakennarar hafa líka látið í sér heyra, en ég hef ekki merkt það á okkar forystu að á okkur sé hlustað. Við höfum dregist aftur úr í launum, sífellt er bætt á okkur störfum og svo má lengi telja. Ég tel nóg komið og trúi því að margir séu sammála og vilji breytingar. Forysta kennara á að sjá til þess að kennarar og skólastjórnendur hafi forsendur og frið til starfa.

Þórður Árni Hjaltsted

Ég er kvæntur Kristínu Guðmundsdóttur, íþróttakennara og við eigum tvær dætur. Ég á einnig tvö börn af fyrra hjónabandi og 4 afastráka. Ég bý í Reykjavík, þar sem ég ólst upp, og hef starfað sem kennari í 23 ár við Varmárskóla í Mosfellsbæ. Síðustu átta ár hef ég starfað hjá Kennarasambandi Íslands fyrst í sex ár sem varaformaður Félags grunnskólakennara (FG), en frá árinu 2011 hef ég verið formaður KÍ.

AF HVERJU BÝÐUR ÞÚ ÞIG FRAM?

Eftir eitt kjörtímabil í starfi formanns Kennarasambandsins tel ég mig vera kominn vel áleiðis með nýjar áherslur í starfsemi og uppbyggingu KÍ. Framundan er erfiður samningavetur þar sem brýnt er að vel takist til. Laun kennara og skólastjórnenda þurfa að hækka um 150 þúsund á mánuði til að vera samkeppnishæf við laun annarra háskólamenntaðra sérfræðinga og stjórnenda með svipaða menntun. Ég hef metnað til að beita mér til að svo megi verða og í því sambandi vil ég skapa þjóðarsátt um menntun. Formaður KÍ ber ábyrgð á rekstri þess, mannahaldi og fjármálum. KÍ stendur vel fjárhagslega og reksturinn er í góðu jafnvægi. Síðustu ár hef ég lagt áherslu á að efla þjónustu við félagsmenn með aukinni sérþekkingu starfsmanna. Mitt mat er að þjónustan nú sé betri en nokkru sinni fyrr, en þó er alltaf svigrúm til að gera enn betur.

Ég hef verið í forystusveit KÍ frá 2005. Ég þekki innviði og uppbyggingu KÍ og óska nú eftir að fá endurnýjað umboð félagsmanna til að halda áfram á þeirri braut sem ég hef markað í samstarfi við stjórn KÍ. Ég tel mig hafa reynslu, þekkingu og kraft til að leiða KÍ næstu 3 árin.



Einar Þór Karlsson.



Þórður Árni Hjaltsted.



6 KRÓNUR Á ÞINNI STÖÐ

Með KÍ-dælulykli Atlantsolíu fá félagsmenn
6 kr. afslátt á öllum sjálfsafgreiðslustöðvum félagsins.

Á afmælisdegi dælulykilshafa veitir dælulykill 15 kr. afslátt.

Sæktu um lykil eða uppfærðu afsláttarkjörin á www.ki.is





Kennarar í Reykjavík fjölmenntu á baráttufund í Iðnó.

Hundruð grunnskólakennara í Reykjavík tóku stefnuna í miðborgina fimmtudagskvöldið 26. september. Haldið var í Iðnó þar sem boðað hafði verið til baráttufundar. Þegar fundurinn hófst klukkan átta voru um 500 kennarar mættir, svo margir að þeir rúmuðust ekki allir í húsinu og fjöldi fundarmanna stóð því fyrir utan meðan fundurinn stóð yfir.

Það er ekki ofsögum sagt að baráttuandi hafi ríkt. Kennarar eru orðnir langþreyttir á miklu álagi, erfiðum vinnuaðstæðum og lágum launum. Þeir vita vel að kjarasamningar þeirra eru lausir og bera talsverðar væntingar í brjósti um að ráðamenn sjái að sér og leiðrétti kjör þeirra. Í lok fundar var rætt á hvað ætti að leggja áherslu í yfirstandandi kjaraviðræðum. Þegar launin voru nefnd réttu allir fundarmenn, bæði inni og úti, upp hönd.

SKÝR SKILABOÐ

Það er ekki sjálfgefið að sveitarstjórnarmenn, og aðrir sem ákvarða kjör kennara, hafi skilning á að leiðréttu þurfi launin. Það verður verkefni samninganefndar Félags grunnskólakennara að útskýra stöðuna og sækja kjarabætur. Nefndin gerir það hins vegar ekki án aðstoðar, en ljóst er að skilaboð baráttufundarins í Iðnó eru skýr. Kennarar

standa að baki samninganefndinni og eru til í að sækja kjarabætur með aðgerðum ef þörf krefur.

Í Iðnó gafst fundarmönnum tækifæri á að senda skilaboð til samninganefndarinnar. Búið er að vinna úr þeim og hluti af hópnum sem undirbjó fundinn afhenti samninganefnd FG niðurstöðuna 11. október sl. Þar er ítrekað að helsta niðurstaða fundarmanna hafi verið að leiðréttu yrði laun kennara til jafns við aðra sérfræðinga með samþærilega menntun og ábyrgð. Til að fylgja eftir þeirri kröfu nefndu fundarmenn að hægt væri að fara í aðgerðir á borð við skærufköll og hópupp-sagnir.

MIKILVÆGUR STUÐNINGUR

Ólafur Loftsson, formaður FG, segir þetta í samræmi við þau skilaboð sem hann og samninganefndin hafi fengið á fjölmörgum fundum sem haldnir hafi verið með kennurum um allt land í tengslum við undirbúning kjarasamningsgerðarinnar.

„Það er alveg ljóst að kennarar vilja leggja áherslu á launaleiðréttingu núna. Ég er búinn að halda ótal fundi, meðal annars með flestum trúnaðarmönnum okkar, og niðurstaðan er alltaf sú sama - áherslan verður að vera

á launaliðinn. Ráðamenn verða að gera sér grein fyrir að leiðréttingin er tímaþær og afar brýn. Að öðrum kosti munu kennarar í auknum mæli fara að horfa í kringum sig eftir öðrum störfum. Ég er þegar farinn að heyra af slíku og af kennurum sem horfa út fyrir landsteinana. Þá þróun verður að stöðva og það er ekki síður mikilvægt að tryggja að fleira ungt fólk fari í kennaranám til að eðlileg endurnýjun verði í stéttinni. Það er ekki að gerast núna, og launin leika þar stórt hlutverk.“

Aðspurður um virði fundar á borð við þann sem haldinn var í Iðnó segir Ólafur:

„Að grasrótin taki sig saman á þennan hátt er ómetanlegt. Það sýnir að kennarar standa saman að baki þeim hópi sem kosinn hefur verið til að semja fyrir þá. Við komum því sterkari en ella að samningaborðinu.“

Forysta KÍ og FG vill koma á framfæri þakklæti til fámenns en kraftmikils hóps grunnskólakennara sem undirbjó fundinn.

Myndir: Skólavardan, Jón Svavarsson

Grasrótin rís upp

„Mikilvægt að finna stuðning kennara á þennan hátt,“
segir formaður Félags grunnskólakennara.



Færi komust að en vildu.



Valgerður Eiríksdóttir kennari í Fellaskóla
hélt ávarp.



Frá vinstri: Rósa Ingvarsdóttir, Ólöf Pálína
Úlfarsdóttir, Geirlaug Ottósdóttir og Hulda
María Magnúsdóttir skipulögðu fundinn.
Þær hittu síðan samninganefnd FG og gerðu
grein fyrir niðurstöðu hans.

Í lok fundar var rætt á hvað ætti að leggja áherslu
í yfirstandandi kjaraviðræðum. Þegar launin voru nefnd
réttu allir fundarmenn, bæði inni og úti, upp hönd.



Margrét Auðunsdóttir.



Sýnataka í nágrenni skólans.

Innleiðing og mat á í menntamálum

Hæfniviðmið og grunnþættir menntunar í LIF303.

Hér er fjallað um framkvæmd og niðurstöður við röðun áfanga á hæfniviðmið og tilraun til innleiðingar grunnþátta menntunar samkvæmt Aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011. Einnig er fjallað um mat á fyrrgreindum þáttum í tengslum við þróun nýs áfanga í náttúrufræði (LIF303) við Verzlunarskóla Íslands.

HÆFNIVIÐMIÐ OG MAT Á ÞEIM

Aðalnámskráin gerir ráð fyrir að námsáfangar séu tengdir við hæfniprep. Miðað er við að lágmark 75% viðfangsefna áfanga falli innan skilgreinds þreps (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 67). Hæfniprepin eru fjögur og gefa vísbendingu um viðfangsefni og námskröfur. Þau mynda þannig ramma utan um mismunandi kröfur við námslok. Fyrsta hæfniprep framhaldsskóla skarast við unglíngastig grunnskólans á þann hátt að lýsing þess er jafnframt lýsing á þeirri hæfni sem stefnt er að við lok grunnskóla (bls. 67). Nám í framhalds-

skóla er á fyrsta til þriðja hæfniprepi. Í Aðalnámskránni kemur fram að: „eftir námslok á þriðja þrepi eiga nemendur að geta unnið sjálfstætt, borið ábyrgð á skipulagi og úrlausn verkefna og geta metið eigin störf“ (bls.42).

Fljótlega eftir að Aðalnámskráin kom út var áfanginn LIF303, sem hér er fjallað um, skilgreindur á þriðja hæfniprepi. Þegar búið er að raða áföngum niður í ramma þrepaskiptingarinnar er mikilvægt að meta hvort þeir standi í raun undir þeirri skilgreiningu. Því framkvæmdi ég mat á áfanganum strax á fyrstu önninni sem hann var kenndur og notaði ég við það aðferðafræði matsfræða, sem of langt mál er að fara út í hér. Í stuttu máli var um að ræða innra sjálfsmat sem auk þess var þátttakenda- og leiðsagnamiðað og var þannig leiðbeinandi við áframhaldandi þróun áfanga (Fitzpatrick J.L. et. al., 2012). Ég skoðaði niðurstöður með hliðsjón af hæfniviðmiðum áfanga og hann uppfyllti þau skilyrði sem þarf til að teljast til þriðja hæfnipreps. Auk

þessa kom ýmislegt í ljós sem gagnaðist síðan við áframhaldandi þróun áfanga. Svör nemenda voru að sjálfsögðu nafnlaus og hér eru nokkur dæmi:

- „Fræðumst um það sem við viljum og höfum áhuga á. Áhugavert efni og gott að geta unnið þetta svolítið meira sjálfstætt en áður. Gott að gera heimildaritgerð og læra það svo maður komi ekki af fjöllum seinna meir“.
- „Góður undirbúningur fyrir framhaldsnám. Á heildina litið bara mjög skemmtilegt og fræðandi sem er góð blanda“.
- „Gefur manni ákveðna hugmynd fyrir verkefnavinnu í háskóla“.



Unnið úr sýnum.



Nemendur halda fyrirlestur í LÍF 303.

nýjum áherslum

Ég framkvæmdi endurtekið mat á áfanganum LIF303 að loknu öðru skólaárinu og niðurstöður voru í stuttu máli þær að nemendur voru almennt sáttari en eftir fyrra skólaárið. Gaf það vísbendingu um að breytingarnar sem voru gerðar skiluðu tilætluðum árangri.

GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR OG MAT Á INNLEIÐINGU ÞEIRRA

Ný menntastefna byggist á sex grunnþáttum menntunar. Þeir eru: Heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun, læsi og sjálfbærni. Grunnþættirnir eiga að vera sýnilegir í námi og kennslu nemenda, starfsháttum, skipulagi og þróunaráætlunum. Einnig eiga þeir að birtast í tengslum skólans við samfélagið. Nemendum voru kynntir grunnþættirnir í upphafi áfangans og ég hélt umræðu um þá gangandi meðan á honum stóð. Áfanginn er þrískiptur og samanstendur af heimildaritgerð og rannsóknaverkefni sem skilað er á skýrsluformi, auk vegg-


spjalds sem kynnt er á ráðstefnu sem nemendur halda í skólanum. Ég lagði könnun fyrir nemendur að loknum sérhverjum hluta til að auðveldara væri fyrir þá að meta hvort og þá hvernig grunnþættirnir hefðu skilað sér, en slíkt getur gleymst þegar breytt er um áherslur í náminu. Áfanginn var þannig metinn þrisvar. Hér er nokkur dæmi um svör nemenda

- „Læsi kom að vissu leyti inn í þetta þar sem mikið af heimildum þurfti maður að lesa og skilja. Maður þurfti að treysta á sjálfan sig.“
- „Ég lærði betur að lesa heimildir og vinna út frá þeim á skapandi hátt.“
- „Upplýsingaöflun, heilbrigði og velferð tengdist efninu. Samvinna var góð í hópnum, allir jafnir og hjálpuðust að. Sumir voru klárir í einhverju og gátu miðlað því til hinna.“
- „Sköpun í hönnun verkefnisins.“
- „Ágætis æfing í almennri þátttöku í samfélaginu sem og gagnvart báðum kynjum líkt og einstaklingar fást við í daglegu lífi, í starfi og vinnu. Spurning um að hafa alla hópa kynjablandaða.“
- „Við leitum um ýmissa upplýsinga á netinu og lærðum ýmislegt út frá því.“

Einnig leitaði ég til kennara áfangans til að fá fram þeirra mat.



Ráðstefna undirbúin, veggspjöld hengd upp.



HVERJU Á AÐ BREYTA OG HVERNIG?

Breytingar í menntamálum hafa tvær aðalhlíðar, þ.e. Hvaða breytingar á að framkvæma? og Hvernig á framkvæmd að fara fram? Þessar spurningar kalla eftir innleiðingu á nýju eða endurskoðuðu námsefni og einnig þarf að taka með í reikninginn nýjar kennsluáðferðir eða tækni. Síðast en ekki síst er nauðsynlegt að breyta viðhorfum þeirra sem að þróunarstarfinu koma (Fullan, M., 2007). Breytingarnar sem á að gera koma fram í aðalnámsskrám leik-, grunn-, og framhaldsskóla. Hlutverk skólanna er síðan að útfæra áherslur og sjá um framkvæmd. Til að slíkt takist sem best er nauðsynlegt að mynda öflugt og lifandi lærdóms-samfélag innan skólanna sjálfra. Eftir að hafa metið áfangann LIF303 bæði með tilliti til hæfniviðmiða og grunnþátta menntunar, er mér jafnframt ljós sú brýna nauðsyn sem er á að skólastarf og matsferli gangi í takt og þróist samhliða. Má í því samhengi nefna að næsta skref í dæminu sem tekið er hér um innleiðingu og mat (á áfanganum LIF303) er að meta hvort og þá að hve miklu leyti áfanginn gæti talist til fjórða

LIF303 - MAT KENNARA Á HLOT GRUNNÞÁTTANNA:

Heilbrigði og velferð, læsi og sjálfbærni voru mest áberandi grunnþættirnir sem kemur ekki á óvart þar sem um áfanga í náttúrufræði er að ræða og mörg af viðfangsefnum nemenda snerust um lífeðlisfræði og umhverfismál. Lýðræði og mannréttindi var minnst áberandi þátturinn og kom helst fram í samvinnu nemenda. Nemendur töldu þó þennan þátt stærri en kennararnir. Kennarar og nemendur voru þannig ekki alveg samstiga í matinu og auk þess kom fram að nemendur töldu grunnþáttinn sköpun koma meira við sögu en kennararnir. Niðurstaða sýnir fram á mikilvægi þess að fá fram mat allra sem hlut eiga að máli, en sýn nemenda og kennara hlýtur að mótast af ólíkri aðkomu að námi og kennslu. Heildarniðurstaðan var samt sú að allir grunnþættirnir birtust í áfanganum, en í mismiklum mæli.

hæfnipreps, en það þrep skarast við nám í háskóla.

Á öllum skólastigum er verið að innleiða nýja aðalnámsskrá, en að sjálf-sögðu snýst þetta um sömu nemendurna sem flytjast frá einu skólastigi yfir á annað þar sem hæfniprep skólastiganna skarast eins og fram kemur hér að framan. Ef til vill er þörf á rannsóknarstofnun í menntavísindum sem gæti haft frumkvæði í heildstæðu þróunarstarfi sem tæki mið af öllum skólastigum. Til að slíkt starf skili sér til skólakerfisins er auk þess mjög mikilvægt að efla lærdómssamfélög innan skólanna sjálfra.

Greinin er byggð á fyrirlestri sem undirrituð hélt á málþingi um náttúrufræðimenntun í landinu sem haldið var í húsnæði Menntavísinda-sviðs HÍ í júní 2013.

Texti og myndir: Margrét Auðunsdóttir, B.Sc. í Líffræði, viðbótardiplóma í uppeldis og menntunarfræði með áherslu á stjórnun menntastofnana, kennari og verkefnastjóri í Verzlunarskóla Íslands.

Heimildir: Fitzpatrick, J. L., Sanders, J. R., Worthen, B. R., (2012). *Program evaluation: Alternative approaches and practical guidelines*. Harlow, England: Pearson.

Fullan, M. (2007). *The new meaning of educational change* (4. útgáfa). New York: Teachers College Press.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011) *Aðalnámsskrá framhaldsskóla. Almennur hluti. Sótt 10. ágúst 2013 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/nr/3954>*

Svíar setja milljarða í framgangskerfi kennara

Sænska ríkisstjórnin hefur lagt fjármagn í nýtt framgangskerfi kennara í grunn- og framhaldsskólum og öðrum sambærilegum skólum. Þetta nýja kerfi tók gildi 1. júlí síðastliðinn en útfærsla þess á að vera fullbúin árið 2016. Möguleikarnir sem það opnar kennurum eru annars vegar lektorsstöður og hins vegar stöður sem kallast fyrstikennari (förstelárare). Framgangurinn hefur í för með sér launahækkunar sem nema um 5000 sænskum krónum á mánuði, um það bil hundrað þúsund íslenskum krónum.

Lärarnas Riksförbund kynnti hugmyndina að framgangskerfinu árið 2011 og síðan þá hefur verið unnið að útfærslu þess. Hugmynd LR var sú að kennari sem sækir um að fá viðurkenningu sem fyrstikennari þurfi, auk þess að vera með full kennsluréttindi, að hafa á sinni hendi verkefni eins og fagstjórn, vettvangsnám kennaranna og leiðsögn nýrra kennara auk hefðbundinnar kennslu. Sá sem sækir um að fá lektorsstöðu skal hafa full kennsluréttindi, doktorsgráðu og fasta stöðu við skóla. Einnig á hann að hafa umsjón með rannsóknum í skólanum eða á vegum hans. Þessar hugmyndir LR urðu grundvöllurinn að framgangskerfinu.

Það verður hlutverk skólustjórnenda að meta kennara til framgangs. Fjármagnið sem ríkisstjórnin leggur fram nú í upphafi eru 880 milljónir skr. (um 16 milljarðar íslenskra króna) á ári og nægir það til að 4400 kennarar, eða um tíu prósent starfandi kennara í Svíþjóð, hafi möguleika á framgangi.

Líkt og á Íslandi hafa kennarar í Svíþjóð mátt þola kjaraskerðingu umfram aðrar stéttir í sambærilegum störfum. Framgangskerfið á að undirstrika mikilvægi kennarastarfsins og sýna viðurkenningu á störfum þeirra sem leggja sig sérstaklega fram í starfi. Nú er málum þannig háttað innan íslenskra skóla að eina leið kennara til framgangs felst í því að hætta kennslu og taka að sér stjórnunarstörf.

Byggt á grein í Skolvärlden 6. tbl. 2013.

Texti: Guðlaug Guðmundsdóttir.
Mynd: Rósa Maggý Grétarsdóttir.



Íslenskir kennarar sækja námskeið innanlands sem utan. Kannski mætti líka sækja fyrirmynd að framgangi í starfi til Svíþjóðar.

Samningar leiðréttinga

Veturinn framundan verður annasamur hjá formönnum og öðrum starfsmönnum stéttarféлага. Nánast allir kjarasamningar landsins renna út á næstu mánuðum og mikil vinna mun fara í að endurnýja þá. Það hefur aldrei verið auðvelt að sækja kjarabætur og á því verður örugglega engin breyting nú. Á fundi sem forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar boðuðu 11. september síðastliðinn með aðilum vinnumarkaðarins voru skilaboðin skýr. Fjármálaráðherra talaði um hófstiltar kröfur og framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins lagði þunga áherslu á að ekkert svigrúm væri til launahækkana. Undir það tóku fulltrúar sveitarfélaganna.

KAUPMÁTTURINN RÝRNAR

Það útheimtir mikla vinnu að endurnýja kjarasamning og vinnan er flókin. Það er því til mikils að vinna að reyna að einfalda samningaferlið. Ríkissáttasemjari hefur síðustu misseri, í samráði við aðila vinnumarkaðarins, beitt sér fyrir breyttu og bættu vinnulagi við samningagerðina. Í tengslum við það hafa tveir vinnuhópar verið að störfum síðustu mánuði. Annar fjallaði um laun og skoðaði meðal annars launaþróun hinna ýmsu stétta frá árinu 2006 til dagsins í dag. Hinn hópurinn fór yfir stöðu efnahagsmála. Oddur S. Jakobs-son, hagfræðingur KÍ, var fulltrúi Kennarasambandsins í báðum hópunum. „Laun framhaldsskólakennara hafa frá árinu 2006 hækkad minna en laun annarra hópa sem við skoðuðum. Launaþróun í tónlistarskólum hefur einnig verið afar slök og kennarar og skólustjórnendur hjá sveitarfélögum eru lítið betur settir. Kaupmáttur allra hópa innan KÍ hefur rýrnað á tímabilinu.

Það eru ekki bara kennarar sem gera kröfu um sérstaka leiðréttingu í samningunum nú. Margar heilbrigðisstéttir hafa t.d. að undanfögnu minnt með áberandi hætti á slök launakjör sín og mikið álag.

Ef við berum saman laun framhaldsskólakennara og annarra sérfræðinga sem starfa hjá ríkinu þá kemur í ljós að dagvinnulaun kennaranna voru um 17% lægri í maí síðastliðnum en hinna sérfræðinganna. Félagsmenn KÍ í grunn-, leik- og tónlistarskólum eru síðan með um 19% lægri laun en viðmiðunarárhópar sem starfa hjá sveitarfélögum. Ef launin eru borin saman við það sem gengur og gerist hjá sérfræðingum og stjórnendum sem starfa á almennum vinnumarkaði þá er munurinn miklu meiri.“

SAMIÐ TIL SKAMMS TÍMA?

Kennarar finna þetta á eigin skinni um hver mánaðamót og gera því kröfu um alvöru launaleiðréttingu nú, en þar verður á brattann að sækja. Sú hefð hefur skapast í vinnu við endurnýjun kjarasamninga að fyrst er samið um kjör starfsmanna á almennum

vinnumarkaði. Samningar þessa hóps renna út 30. nóvember og vinna við endurnýjun þeirra er þegar hafin. Flest stéttarfélög sem koma að þeirri vinnu hafa lýst þeirri skoðun að rétt sé að gera skammtímasamning og leggja áherslu á hækkun lægstu launa. Áhrifa þessara samninga mun gæta langt út fyrir raðir þeirra sem fá greidd laun eftir samningnum, því öðrum hópum er ætlað að semja á sömu forsendum.

ENGAR EINFALDAR LAUSNIR

Skammtímasamningur þýðir venjulega að gerðar eru minniháttar launaleiðréttingar en vinnu við að leysa stærri mál er frestað og þar með launaleiðréttingum einstakra hópa, þó fyrir liggja að þeir hafi sannarlega dregist aftur úr og að góð rök séu fyrir leiðréttingu. Þessir hópar, þar á meðal kennarar, þurfa að ákveða hvað þeir ætla að gera. Er rétt að sætta sig við skamm-

eða brostinna vona?



Undirritun kjarasamnings grunnskólakennara í apríl 2008. Ásmundur Stefánsson, þáverandi ríkissáttasemjari tekur í hönd Ólafs Loftssonar, formanns FG. Þórður Hjaltsted og Karl Björnsson fylgjast með.

tímasamning og freista þess að ná nauðsynlegri kjaraleiðréttingu síðar? Eða á að reyna að knýja fram leiðréttingu í samningi til lengri tíma? Slíkt yrði ekki auðvelt og gæti kallað á átök. Yfir þessi mál fara aðildarfélag KÍ þessa dagana með trúnaðarmönnum, samninganefndum og öðru lykilmálhópi innan félaganna.

ÓÁNÆGJA MILLI- TEKJUHÓPA EYKST

Eftir stendur óleystur vandi sem hefur aukist síðustu misseri. Þó allir séu sammála um nauðsyn þess að hækka lægstu laun þá skapar áherslan á það ákveðinn vanda. Munurinn á lægstu launum og launum millitekjuhópa hefur minnkað mikið á síðustu misserum og um leið hefur óánægja millitekjuhópanna með kjör sín aukist mikið. Ríflega 6% kjaraleiðrétting hjúkrunarfræðinga í vetur, sem og það

þegar tuttugu ríkisforstjórar fengu allt að 20% launahækkun með úrskurði Kjararáðs í haust, kynti undir þessa óánægju.

Það eru því ekki bara kennarar sem gera kröfu um sérstaka leiðréttingu í samningunum nú. Margar heilbrigðisstéttir hafa t.d. að undanfögnu minnt með áberandi hætti á slök launakjör sín og mikið álag. Það er því víðar en innan KÍ sem væntingarnar eru miklar. En nú í upphafi vetrar er aðeins eitt sem liggur fyrir – engar einfaldar lausnir blasa við.

Texti: Aðalbjörn Sigurðsson.

GILDISTÍMI KJARASAMNINGA AÐILDARFÉLAGA KÍ

- Félag stjórnenda í leikskólum, Skólastjórafélag Íslands, Félag framhaldsskólakennara, Félag stjórnenda í framhaldsskólum og Félag tónlistarskólakennara: 31. janúar 2014.
- Félag grunnskólakennara: Runnu út 29. febrúar 2012. Viðræðuáætlun gildir til 28. febrúar 2013.
- Félag leikskólakennara: 30. apríl 2014.

Stofnana- samningar í framhaldsskólum

Stofnanasamningar hafa skilað kennurum slökum kjörum miðað við sam-
anburðarhópa. Því vakna spurningar
um hvort dreifstýrðir kjarasamningar í
anda New Public Management (NPM)
gangi upp í ríkisstofnunum eins og
framhaldsskólum. Á sama tíma og
hugmyndafræði dreifstýrðra kjarasamninga haslaði sér völl hérlendis var annar þráður spunninn sem fólst í hagræðingu í rekstri, styrkari áætlunargerð og notkun rekstrarlíkana. Vald og umboð til að semja var flutt að hluta til skólameistara framhaldsskólanna eins og annarra forstöðumanna ríkisstofnana. Reiknilíkan, miðstýrt tæki til skiptingar fjármuna milli allra framhaldsskóla, var tekið upp en hefur á vissan hátt verið misnotað sem farvegur fyrir niðurskurð. Framhaldsskólakennarar eru einsleit stétt og stór faghópur á íslenskan mælikvarða, líkt og hjúkrunarfræðingar. Skjólstæðingum þessara stétta verður ekki vísað frá, jafnvel þótt þeim fylgi ekki fé frá yfirvöldum. Nýr menntamálaráðherra orðaði þetta sem svo að nemendur væru ekki hagstærð.

Góðærið í upphafi aldarinnar leiddi ekki af sér aukinn metnað stjórnvalda til að efla framhaldsskólana, heldur var þvert á móti saumað að þeim fjárhagslega. Skólar fá fjármagn til launagreiðslna á grundvelli launastikunnar, sem átti að endurspegla meðallaun allra, en miðað við árið 2012 er munurinn á upphæð í launastiku og meðallaunum kennara 25% eða 85.000 kr. á mánuði. Heiðarlegar tilraunir samn-

ingsaðila í kjarasamningum til að setja aukafé í framhaldsskólasamningana virkuðu ekki. Launagjain milli framhaldsskóla og meðaltals BHM hefur farið breikkandi síðastliðinn tæpan áratug.

Geta stofnanasamningar og starf samstarfsnefnda fært félagsmönnum betri kjör?

Já, en:

- ekki við óbreytt rekstrarskilyrði framhaldsskóla. Hugmyndafræðin um ábataskipti í dreifstýrðum kjarasamningum hefur aldrei komist í gang þar sem mögulegur afgangur af rekstri einstaka skóla hefur aldrei verið látinn í friði og því ekki ratað inn í laun kennara.
- ekki ef skólameistari framhaldsskóla veit aldrei lengra en eitt ár í senn um rekstrarforsendur síns skóla og langtímahugsun, þannig að áætlanagerð um starfsmannamál og kjör er illmöguleg.
- ekki ef niðurskurði er beitt jafnt í góðæri sem hallæri, fjölgun nemenda milli ára ekki fjármögnuð og launastikan sýnir launatölu sem er langt undir meðallaunum kennara.
- ekki nema tekið sé mið af mismunandi aðstæðum í einstökum framhaldsskólum í stað miðlægs viðmiðs fyrir alla skóla. Þá er átt við mismunandi menntunarstig, lífaldur, kennsluskyldu og fleira.

Launakerfið virkar ekki eins og því var ætlað að gera og kjör framhaldsskólakennara hafa dregist meira og meira aftur úr samanburðarhópum. Ný skýrsla aðila vinnumarkaðarins sýnir meðal annars að enginn hópur hefur hækkað minna í launum en framhaldsskólakennarar, en laun þeirra hafa hækkað um 45% frá árinu 2006. Laun annarra háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins hækkuðu á sama tíma um 50% og á almennum vinnumarkaði nam hækkuin allt að 59%. Kaupmáttur framhaldsskólakennara hefur lækkað um rúm 6% á þessum tíma.

Texti: Elna Katrín Jónsdóttir.
Mynd: Jón Svavarsson.



Launakjör framhaldsskólakennara hafa dregist verulega aftur úr samanburðarhópum.

Samanburðarhópar kennara eru gjarnan ríkisstarfs-
menn með háskólapróf og starfsréttindi í tilteknum
greinum, sem bera svipaða ábyrgð í starfi.

Framhaldsskólar geta ekki fjölgað eða fækkað verk-
efnum sínum sjálfir og hafa mjög lítinn rétt til gjald-
töku fyrir þau. Þeir hafa takmörkuð tækifæri til að afla
sér tekna, litla markaðstengingu og samkeppni þeirra
á milli er ekki virk í fjárhagslegum skilningi.

Kennarar og aðrir sem vinna í framhaldsskólum eru
háðir því að grunnmat á störfum þeirra til launa og
starfskjörum byggi á ábyrgri stefnu stjórnvalda. Sú
stefna ætti að sýna í verki gildi og mikilvægi starf-
seminnar sem kennarar bera ábyrgð á og felst í því að
mennta þá sem „erfa eiga landið“.

Mat á kennarastarfinu hér á landi kemur illa út sam-
anborið við meðaltal OECD og einstök Norðurlönd.
Það blasir við að starfskjörin eru knúin fram í erfiðum
kjarasamningum.

Núverandi kjarasamningakerfi er dreifstýrt og líkt því
sem almennt gerist hjá ríkinu, að minnsta kosti á yfir-
borðinu, en áhrif þess á kjör kennara eru í raun mjög
ólík þeim sem það hefur á kjör samanburðarhópanna.



Nordplus Norræn a me NNtaáætluN iN

Styrkir til bekkjaheimsókna, kennaraskipta,
norrænna tungumálaverkefna og annarra
samstarfsverkefna á Norðurlöndum og
Eyrstrasaltslöndum.

Næsti umsóknarfrestur er 1. febrúar 2014

Kynnið ykkur málið á www.nordplus.is

Skóli framtíðar

- Námstefna skólustjóra á Hótel Nordica.



Á fjórða hundrað skólustjórna kom á námstefnu FSL og SÍ á Hótel Nordica.

Félag stjórnenda leikskóla og Skólustjórafélag Íslands boðuðu til námstefnunnar Skóli framtíðar á Hótel Nordica 11. október sl. Á fjórða hundrað skólustjórna úr leik- og grunnskólum mættu og hlýddu á þá Frank Crawford og Ollie Bray, sem báðir eru skoskir og eftirsóttir fyrirlesarar. Ingileif Ástvaldsdóttir, varaformaður SÍ, setti ráðstefnuna og áður en hún lauk máli sínu setti hún gestum fyrir að setja eitt tíst inn á Twitter um námstefnuna eða það sem þeim væri efst í huga í lok dags. Frank og Ollie halda báðir úti efnismiklum og fróðlegum heimasíðum sem vert er að skoða.



Frank Crawford: „Hlutverk leiðtoga 21. aldarinnar er að leiða sitt fólk fram á við, gefa því svigrúm til að njóta sín.“

FRAMTÍÐIN ER HÉR OG NÚ

Frank Crawford var skólustjóri en er nú kominn á eftirlaun. Hann er vel þekktur og vinsæll fyrirlesari, enda býr hann yfir yfirgripsmikilli reynslu af skólamáli og stjórnun. Hann fjallaði í erindi sínu um forystu, dreifstjórnun skóla og skólaþróun. Frank hóf erindi sitt á því að fullyrða að breytinga væri þörf í skólastarfi og það strax. „Menntun felst í því að breytast,“ sagði hann, „og sá sem menntast verður því ekki samur.“ Hann sagði að skólar væru í eðli sínu íhaldssamar stofnanir og breytingar

innan þeirra væru hægfara. Hins vegar einkenndist nútíminn af örum breytingum og ef skólar ætluðu að halda í við þær yrðu þeir að spýta í lófana.

DEILA REYNSLU, SPYRJA SPURNINGA OG HJÁLPAST AÐ

„Framtíðin er hér og nú,“ sagði Frank. „Tækninni fleygir fram á ofurhraða og hvert undrið á fætur öðru lítur dagsins ljós.“ Hann nefndi sem dæmi þrívíddarprentun sem hann álitur að muni umbylta heiminum og breyta möguleikum mannkynsins til að eignast hluti. Hann spáði því líka að innan skamms yrðu einungis örfáir háskólar til í heiminum. „Netið á eftir að verða meginvettvangur fyrirlestra og upplýsinga, enn frekar en nú er. Gott dæmi um þetta er vefurinn Khan Academy, þar sem eru fyrirlestrar og fræðslu-myndbönd sem uppfylla ströngustu gæðakröfur. Vendikennsla af þessu tagi er ný tegund kennsluáðferðar sem gefið hefur góða raun og haft áhrif á hlutverk kennarans.“ Frank sagði að sóknarfærin til að bæta kennslu og skólastarf væru takmarkalaus, manneskjan hefði skefjalausa hæfni til að aðlagast og tileinka sér nýjungar. Hann mælti með því að kennarar kæmu sér upp bloggsíðum, það hefði reynst



mikið framfaraskref fyrir marga og kennara um allan heim þyrsti í að hafa samband, deila reynslu, spyrja spurninga og hjálpast að.

STJÓRNUN SEM SAMVINNUVERKEFNI

Frank hvetur stjórnendur til að taka áhættu. Stjórnandinn á ekki að sitja einn á toppnum, það er úrelt hugmynd að hans mati. Hann sagði að hlutverk leiðtoga 21. aldarinnar væri að leiða sitt fólk fram á við í breytingaferlinu, gefa starfsfólki aukið svigrúm og leyfa því að njóta sín. „Stjórnun á að vera samvinnuverkefni þar sem allir fá byr undir vængina, og hæfileika og sérþekkingu hvers og eins á að nýta til hins ýtrasta,“ sagði Frank.

Ollie Bray, er landafræðikennari í framhaldsskóla auk þess að vera fyrirlesari. Hann byrjaði á því að segja frá kynnum sínum af Íslandi og Íslendingum. Hann hjólaði til dæmis um landið í sumar og tók myndir af skólum. Hann sýndi mynd af skóla úti á landi þar sem myndlist nemenda var stillt út í gluggum skólans. Hann sá þetta sem frábæra aðferð til að gefa nemendum, foreldrum, kennurum og samfélaginu öllu byr undir vængi, en það segir hann að sé eitt af meginhlutverkum skóla.

HVERNIG ÆTLUM VIÐ AÐ NOTA TÆKNI?

Ollie fjallaði um netmiðla og samskipti, og hvernig og af hverju við eigum að nýta tæknina í þágu menntunar. Hann sagði að tækniþróun hefði nú orðið afgerandi áhrif á alla þætti tilverunnar. Hún stjórnir því hvernig við verslum, leikum okkur, og umgöngumst fólk. Það væri helst í skólanum sem ljón



Ollie Bray : „Tækni gerir kennslu ekki auðveldari en hún gerir hana öðruvísi.“

væru á veginum og tefðu fyrir eðlilegri þróun tækni og framförum. Ollie sagði að algengustu mistök sem skólar gerðu væru að leggja háar fjárhæðir til tækjakaupa en gleyma að spyrja grundvallarspurningarinnar sem er: Hvernig ætlum við að nota tækin?

AÐ NOTA TÆKNINA Á ÁBYRGAN OG SKAPANDI HÁTT

„Kennsla er og hefur alltaf verið erfitt starf,“ sagði Ollie. „Tækni gerir kennslu ekki auðveldari en hún gerir hana öðruvísi. Hún gefur tækifæri til að efla almennt læsi, talnalæsi og endurgjöf. Flestir nemendur eru vel tæknivæddir og því er líklegt að kennsla sem byggist á tækni, að minnsta kosti að hluta til, sé líklegri til að höfða til þeirra en sú sem er það ekki.“ Hann er þeirrar skoðunar að meginhlutverk kennara 21. aldarinnar sé að kenna nemendum ábyrga og skapandi notkun vefsins. Hann nefndi og sýndi nokkur dæmi um góðar og vel heppnaðar leiðir til þess og af nógu er að taka. Hann nefndi Google Earth, samskiptatækni

á borð við Skype, Facebook og Twitter sem gera fólki kleift að ná sambandi og leita upplýsinga í grænum hveli. Hann sýndi dæmi um nýja leið til að leita á Google með því að tala við tölvuna. Það er vel þess virði að fara inn á heimasíðu Ollies og kynna sér þann hafsjó af efni sem þar er að finna.

Skólakrakkar í Skotlandi eiga rétt á því samkvæmt lögum að læra á hljóðfæri. Það er pólitísk stefna að nota tónlistarmenntun á markvissan hátt til að efla læsi, talnalæsi og almenna vellíðan barna þar í landi. Áhrifin eru talin vara áfram og verða til góðs í námi þeirra fram á fullorðinsár. Fjölmargar rannsóknir renna stoðum undir þessa skoðun.

Ollie sagði frá frá atviki á skoskri eyju þar sem einungis búa átta krakkar á skólaaldri. Þar var þrautin þyngri að koma til móts við þetta lagaákvæði. Gripið var til þess ráðs að kenna krökkunum á hljóðfæri gegnum fjarkennslubúnað og kennslumyndbönd, þannig að þau fengu hljóðfæratíma og aðra



Fyrirlesararnir hrifu viðstadda. Gunnar Svanlaugsson og Vilborg Lilja Stefánsdóttir.



Katrín Jakobsdóttir stýrði ráðstefnunni.

kennslu tengda tónlistinni hjá kennurum sem voru víðs fjarri. Ýmsir hnökrar komu upp en kennararnir sniðu þá af og aðlöguðu aðferðir sínar tækninni. Og viti menn, það gerðist kraftaverk. Aðferðin svínvirkaði. Reynsla þeirra sem að tilrauninni komu var yfirfærð á fjarkennslu í öðrum fögum og þar með opnuðust nýjar gáttir. Kennslumyndböndin eru til og aðgengileg öðrum, hvar sem er og hvenær sem er. Kennarar sem nýta þau ganga svo skrefinu lengra í kennslunni og gegna öðruvísi hlutverki en áður.

Það er engum blöðum um það að fletta að Skotarnir tveir voru miklir aúfúsgestir. Báðir bentu á að skapandi og gagnrýnin hugsun er besta veganestið sem unga kynslóðin fær með sér inn í framtíð sem við vitum ekki hvernig verður. Heillandi framkoma þeirra og eldmóður smitaði alla viðstadda og fjörlegar umræður urðu eftir erindin. Tæknin og þau undur sem hún hefur í för með sér er veruleiki sem allir skólammenn þurfa að takast á við í daglegu starfi. Frank og Ollie segja að sú glíma

sé ekki bara nauðsynleg heldur umfram allt ákaflega spennandi og bjóði upp á tækifæri sem séu engin takmörk sett.

Ráðstefnustjóri var Katrín Jakobsdóttir, alþingismaður og fyrrverandi mennta- og menningarmálaráðherra.

Texti: Guðlaug Guðmundsdóttir.

Myndir: Aðalbjörn Sigurðsson.

Ullarkistan

Hlýr og þægilegur ullarfatnaður fyrir alla fjölskylduna!

JANUS
since 1895

**Laugavegi 25
Reykjavík
s. 552-7499**

**Hafnarstræti 101
Akureyri
s. 461-3006**

SVONA TÍSTU

SKÓLASTJÓRAR Í LOK DAGS:



- Tækin skipta ekki máli. Hvernig þau verða notuð skiptir máli.
- Næsti dagur, dagur ígrundunar.
- Biðja þrjá nemendur í hverri viku að segja frá því hvað þeir hafi lært í vikunni og hvaða máli kennarinn skipti í því efni.
- Gaman að sjá hvernig kennarar nýta spjöld í kennslu.
- Spjaldtölvur greinilega málið.
- Hmmm notaðar smarttöflur til sölu?
- Fyrsta skrefið í að kenna ábyrga notkun snjalltækja er að leyfa og ýta undir notkun þeirra í skólanum.
- Komum verkefnum nemenda á framfæri.
- Gladdi okkur Dalvíkingana að sjá mynd af skólanum okkar í fyrirlestri Ollie Bray og myndir barnanna.
- Börn eiga að glíma við verkefni í skólanum sem eru áhugaverð og hafa merkingu fyrir þau, með aðferðum sem eru þeim eiginlegar.

Formaður FSL Á FERÐ OG FLUGI

Það er frábært að sjá að það er raunhæfur möguleiki að samþætta starf og nám og afla sér menntunar með stuðningi rekstraraðila. Lærdómssamfélag leikskólans eflist og þar af leiðir að samfélagið allt nýtur góðs af.

Félag stjórnenda leikskóla var stofnað árið 2010. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að félagsmenn séu félagið og þátttaka og virkni hvers og eins skipti öllu máli. Hlutverk þeirra sem eru kjörnir til trúnaðarstarfa er að vera þjónandi forysta fyrir heildina.

Á samráðsfundi á vordögum 2013 var ákveðið að formaður og/eða fulltrúar stjórnar skyldu leggja land undir fót og heimsækja leikskóla á landsbyggðinni. Ákveðið var að leggja áherslu á að hitta félagsmenn sem þurfa að fara um langan veg til þess að taka þátt í starfi, og þá leikskóla sem ekki hafa verið heimsóttir áður. Tuttugu og fjórir leikskólar á Akranesi, Austfjörðum, Reykjanesi og í Borgarbyggð fengu formann sinn í heimsókn í sumar og frekari heimsóknir um landið eru í bígerð með hækkingu sóla.

SVONA GERUM VIÐ

Ferðalögin hafa reynst gefandi og fróðleg fyrir gesti og gestgjafa. Til þess að leyfa FSL félögum að fylgjast með hefur ferðasagan verið sögð í stuttu máli í félagsbréfum og keðjuskrifum hefur verið hrundið af stað undir vinnuheitinu Svona gerum við. Félagskonur í Þorlákshöfn og Vopnafirði riðu á vaðið og skrifuðu greinar sem birtar eru á vef FSL og lýstu því hvernig leikskólarnir þeirra og sveitarfélögin hafa tekið höndum saman um það að fjölga leikskólakennurum með áhrifaríkum hætti.



Ingibjörg Kristleifsdóttir,
formaður FSL.

PÓLÍTÍSKUR METNAÐUR OPNAR FYRIR TÆKIFÆRI

Íslenskir leikskólar byggjast á sam- eiginlegri sýn leikskólakennara um það hvernig leikskólustarf er best. Stéttin er aðeins einnar kynslóðar gömul og sömu kennarar hafa jafnvel kennt flestum þeim sem nú starfa. Lög um leikskóla og aðalnámskrá ná til allra leikskóla og langflestir leikskólakennarar eru félagar í FL og FSL. Því mætti ætla að leikskólar landsins væru einsleitir en það er öðru nær.

Fjölbreytnin í umhverfi og þjónustu er mjög mikil. Munur er á pólitískum metnaði fyrir innra starfi leikskólanna milli sveitarfélaga, sem veitir mismunandi svigrúm til verka.

LÆRDÓMSSAMFÉLAG LEIKSKÓLANS EFLIST

Ánægjulegt er að heimsækja sveitarfélög sem hafa metnað til að styrkja sitt fólk til þess að mennta sig í leikskólakennarafræðum og það er magnað að heyra hvað fólk leggur á sig til að læra með vinnu. Suður með sjó hittum við leikskólastjóra sem byrjaði sem ófag- lærdur starfsmaður í leikskólanum fyrir 16 árum og hefur síðan samþætt starf og nám og unnið sig upp innan leik-

skólans þrep fyrir þrep og er nú í seinni hluta meistaranámsins. Það er frábært að sjá að það er raunhæfur möguleiki að samþætta starf og nám og afla sér menntunar með stuðningi rekstraraðila. Lærdómssamfélag leikskólans eflist og þar af leiðir að samfélagið allt nýtur góðs af.

HJARTA BÆJARINS EÐA HORNREKA

Fjölbreytileikinn í umhverfi leikskólanna er líka mikill, allt frá litlum sveitabæ í brekku þar sem bú barnanna er í moldarbarðinu fyrir ofan bæinn og að skólahúsnæði í litlum firði sem myndi sóma sér í hvaða stórborg sem er. Sums staðar er leikskólinn hjarta samfélagsins en því miður er hann á einstaka stað hornreka.

Skemmtilegast af öllu er þó að upplifa á hverjum stað metnaðinn og stoltið fyrir leikskólustarfi óháð staðháttum og aðbúnaði, en starfsgleðin er eðlilega mest þar sem stjórnendur njóta skilnings og virðingar yfirmanna sinna og samfélagsins.

Texti: Ingibjörg Kristleifsdóttir,
formaður Félags stjórnenda leikskóla.

Mér leiðist, ég er útundan og kennarinn sér mig ekki

Ástæður skrópasýki eru margar og mismunandi.

Skrópasýki er vond veiki sem hrjáir suma nemendur og sögur af skrópurum eru engin nýlunda. Stundum er skrópið dulbúið sem höfuðverkur eða magapest, en oft sleppir sá skrópasjúki því án skýringa að koma í skólann eða einstaka kennslustund. Skrópið er dýrkeypt því nemandinn missir ekki bara af kennslu. Hann missir líka sambandið við hópinn sinn, fagið og flæðið sem þar er komið í gang. En hvers vegna skrópa nemendur og skyldi vera hægt að bregðast við skrópi og koma í veg fyrir það?

Anne-Sofie Strand, sænskur grunnskólakennari, rannsakaði skróp nemenda og skrifaði doktorsritgerð um það. Hún tók meðal annars viðtöl við níutíu krakka úr níunda bekk sem höfðu allir þrjátíu prósentu óútskýrða fjarveru í kladdanum. Helmingur þeirra hafði byrjað skrópið í áttunda bekk, en þegar betur var að gáð og skólasaga þeirra rannsökuð kom í ljós að los var komið á ástundun þeirra þegar í þriðja bekk.

Anne-Sofie komst að því að það eru einkum fjórar ástæður fyrir því að nem-

endur sniðganga skólann og skrópa: Þeir sjá ekki tilgang með náminu, þeir eru lagðir í einelti, þá skortir athygli og stuðning kennara eða þeim finnst félagarnir skilja sig út undan. Börn í neðstu bekkjum grunnskóla sem oft kvarta undan magaverk eða höfuðverk eru líklegri en önnur til að skrópa í skólanum þegar þau verða eldri.

Oft er ástæðan fyrir skrópi í efstu bekkjum grunnskólans einfaldlega sú að nemendur eru að prófa hversu langt þeir komist og hvort þeim séu sett mörk. Nokkrir skólar í Svíþjóð hafa gripið til þess ráðs að senda foreldrum skrópara smáskilaboð. Við það hefur skrópið dregist saman um helming. Með þessu móti sýnir skólinn aðhald og forráðamenn nemenda fá mikilvægar upplýsingar.

Ekki eru allir á eitt sáttir um hvernig best sé að ná skrópurum aftur inn í skólana en rannsóknir hafa sýnt að andrúmsloftið í skólastofunni skipti sköpum og samskipti kennara við nemendur séu grundvallarþáttur, einkum gagnvart þeim nemendum sem standa höllum fæti félagslega.

Það eru einkum fjórar ástæður fyrir því að nemendur sniðganga skólann og skrópa: Þeir sjá ekki tilgang með náminu, þeir eru lagðir í einelti, þá skortir athygli og stuðning kennara eða þeim finnst félagarnir skilja sig út undan.


Byggt á greinum í Skolvärlden 6. tbl. 2013.

Texti: Guðlaug Guðmundsdóttir.
Mynd: Ingi Jansson.



Þafnfræðsla



Listasafn 
Reykjavíkur



Flakkari á flandri!

Myndlist er mögnuð!

Eitt af meginmarkmiðum Listasafns Reykjavíkur er að vekja nemendur á öllum aldri til umhugsunar um myndlist með lifandi fræðslustarfi.

Listasafn Reykjavíkur er með fjölbreyttar sýningar á þremur stöðum í borginni og tekur á móti skólahópum alla virka daga frá kl. 8.30-15.30 eða eftir samkomulagi. Bóka þarf með fyrirvara á heimasíðu safnsins undir „Panta leiðsöng“.

Flakkari á flandri!

Grunnskólum Reykjavíkur stendur til boða að fá sérhannaðar fræðslusýningar að láni í skólann. Sýningarnar kallað Flökkusýningar og eru útbúnar í færanlegum einingum sem hægt er að setja upp í skólanum. Með sýningunum fylgja verkefni fyrir nemendur, sem hægt er að fá kynningu á. Athugið að sýningarnar eru grunnskólum Reykjavíkur að kostnaðarlausu.



Allar upplýsingar um sýningar, fræðslu og viðburði er að finna á heimasíðu safnsins www listasafnreykjavikur.is
Listasafn Reykjavíkur er á þremur stöðum.

Ásmundarsafn

Sigtún, 105 Reykjavík
Opíð 1.5 – 30.9 daglega kl. 10-17
1.10- 30.4 daglega kl. 13-17



Hafnarhús

Tryggvagata 17, 101 Reykjavík
Opíð daglega kl. 10-17
Fimmtudögum kl. 10-20
S. 590 1200



Kjarvalsstaðir

Flókagata, 105 Reykjavík
Opíð daglega kl. 10-17



Upplýsingar um safnið er einnig hægt að finna á Facebook, Flickr, Twitter, YouTube og Vimeo.

Afsakið, er ég að trufla?

„Afsakið, er ég að trufla þig?“ spyr félagsmaður hinum megin á línunni. „Nei, alls ekki, ég er hér fyrir þig,“ svara ég, vön því að vera spurð þessarar spurningar sem er kveikjan að þessum pistli. Starfsfólk KÍ er við símann og tölvuna til að bregðast við fyrirspurnum og erindum frá ykkur, það er okkar starf. Ætti það ekki einmitt að vera sjálfsagt mál að hafa samband við stéttarfélagið sitt þegar á þarf að halda?

Hvað erum við að gera hér í Kennarahúsi? Verkefni okkar eru mjög mismunandi, en við erum hér fyrir ykkur, meðal annars til þess að svara fyrirspurnum um allt milli himins og jarðar er við kemur kjara- og réttindamálum, sjóðum og ýmsu öðru. Hér eru nokkrir þjónustufulltrúar og fulltrúar sjóða sem svara fyrirspurnum ykkar og við skiptum málaflokkunum á milli okkar. Mitt starf felst meðal annars í að miðla áfram til ykkar túlkun kjarasamninga hvað varðar t.d. veikindarétt, fæðingarorlof og lífeyrismál. Ég svara almennum fyrirspurnum um kjara- og réttindamál, kjarasamningum, lög og reglugerðir og vísa í réttan farveg þeim erindum sem þurfa aðkomu formanna aðildarfélaganna eða jafnvel lögfræðings KÍ. Margar af fyrirspurnunum eru gegnum síma og tölvupóst en sumir panta viðtal og koma hingað í Kennarahúsið, eftir því hvað hentar hverjum og einum. Ykkar er valið.

Haustið er annasamur tími hér því þá berast fleiri fyrirspurnir um launaröðun, vinnutíma og vinnuskýrslur en annars. Stundum þarf að leiðrétta launaröðun og þá þarf jafnvel að skoða launaseðla aftur í tímann og við aðstoðum með það. Já, og fæðingarorlofið, ekki má gleyma því. Fæðingarorlofslögin eru sífellt að breytast en helst

er leitað til okkar með útreikninga á fæðingarorlofi kennara. Þeir sem hafa farið í fæðingarorlof geta sjálfsagt tekið undir að stundum er flókið að skilja hvernig ávinnsla árslauna kennara og fæðingarorlofsgreiðslur fara saman. Við aðstoðum ykkur með þessa útreikninga svo ekkert komi á óvart við lok fæðingarorlofsins þegar þið komið aftur til starfa. Við hvetjum alla til að hafa samband við okkur og fá aðstoð við þetta.

Í starfi mínu hef ég samskipti við launagreiðendur um allt land, oft fyrir hönd félagsmanna, en einnig leita launagreiðendur til okkar til dæmis vegna útreikninga á fæðingarorlofi. Slíkt samstarf er mikilvægt til þess að greiða megi auðveldlega úr þeim málum sem upp kunna að koma. Í undantekningartilfellum kemur það fyrir að félagsmenn segja mér að það sé ekki vel séð af vinnuveitendum að hingað sé leitað vegna kjara- og réttindamála. Í okkar huga er ekkert eðlilegra en að félagsmenn leiti fyrst hingað til KÍ og svo til launagreiðanda í framhaldi, ef á þarf að halda. Þannig ætti það líka að vera í hugum allra kennara, sem og vinnuveitenda þeirra. Við erum hér til að standa vörð um ykkar réttindi og það er ágætt að minna sig á að réttindi samkvæmt kjarasamningum eru lágmarksréttindi.

Við erum hér fyrir ykkur og ég hvet ykkur til að hafa samband ef einhver vafi er í huga ykkar um hvaðeina er við kemur kjara- og réttindamálum.

Ingibjörg Úlfarsdóttir, sérfræðingur í kjara- og réttindamálum.

Mynd: Rán Bjargardóttir.



Ingibjörg Úlfarsdóttir.

Við erum hér til að standa vörð um ykkar réttindi og það er ágætt að minna sig á að réttindi í kjarasamningi eru lágmarksréttindi.

félagismál félagismál

Á tímum margbreytileika og hraðrar þróunar er sú krafa gerð til einstaklinga að þeir geti beitt skapandi hugsun, notað ímyndunaraflíð, miðlað upplýsingum og unnið í samvinnu við aðra. Alla þessa þætti þjálfar gott listnám hvað best. Það skapar umhverfi og ferla sem örva vitsmunalegan þroska einstaklingsins og stuðlar að betra jafnvægi milli tilfinningalegs og vitsmunalegs þroska.

Það er margsannað að tónlistarnám er mikilvægur þáttur í menntun barna og ungmenna. Allir eiga rétt á tónlistarnámi. Vönduð tónlistarkennsla vel menntaðra sérfræðinga á því sviði er forsenda þess að hið öfluga tónlistarlíf og menning sem einkennt hefur íslenskt samfélag megi halda áfram að vaxa og dafna.

Stefnuskrá Félags tónlistarskólakennara inniheldur okkar sýn á tónlistarkennslu o gagnast til að koma málefnum greinarinnar á framfæri. Eftirfarandi eru nokkur atriði úr stefnuskránni en hana hefur félagið gefið út í bæklingnum.

Stefna Félags tónlistarskólakennara

- Allir eiga rétt á tónlistarmenntun óháð aldri, búsetu og efnahag. Tónlistarmenntun þarf að vera samfelld frá unga aldri og fram á fullorðinsár. Tónlistarmenntun á að vera kjarnánámsgrein í menntun barna og ungmenna.
- Komið verði á tónlistarkennaramenntun á meistarastigi við Listaháskóla Íslands.
- Tónlistarskólar beiti sér fyrir eflingu íslenskrar tónmenningar.
- Tónlistarskólar stuðli að öflugum tónlistarlífi í landinu.
- Gera þarf starf tónlistarskólakennara eftirsóknarvert og tryggja að kjör þeirra séu samanburðarhæf við kjör annarra sérfræðinga sem vinna sambærileg störf.
- Styrkja þarf undirstöður tónlistarskóla í þágu menntunar, menningar og samfélagsins alls með nýjum lögum um tónlistarskóla.

Tónlist er fyrir alla

Stefna FT er útfærsla á sam-eiginlegri skólastefnu KÍ en byggist þar að auki á niðurstöðum tveggja alheimsráðstefna

um listfræðslu á vegum UNESCO: Vegvísi fyrir listfræðslu og Seoul Agenda, Goals for the Development of Arts Education, auk þess að vera unnin með hliðsjón af Bonn yfirlýsingunni frá 2012 þar sem framangreindar niðurstöður eru aðlagðar að evrópskum veruleika.

Bæklingnum var dreift á svæðisþingum félagsins í haust, en hann er einnig aðgengilegur í Kennarahúsinu og á rafrænu formi á vef FT.

U15 myndvarpar eru frábær lausn til að fanga hluti og koma þeim til skila í tölvu, skjávarpa eða gagnvirkri töflu

Tengist USB og þarf ekki spennubreyti

Myndvarpar
Verð frá kr. 49.500.-



U15 tilboðsverð
kr. 49.500.-

Varmás - Skólavörur
Markholt 2, 270 Mosfellsbæ
Sími 566 8144

ÞRÓUNAR- SAMVINNA BER ÁVÖXT komum heiminum í lag



Frjáls félagasamtök í alþjóðastarfi og Þróunarsamvinnustofnun Íslands efndu til kynningarviku um gildi þróunarsamvinnu í október sl. undir yfirheitinu: Þróunarsamvinna ber ávöxt – komum heiminum í lag. Að þessu sinni var áherslan á menntamál. Á málþingi í kynningarvikunni opnaði Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, formlega nýjan kennsluvef um þróunarmál, www.komumheiminumilag.is.

Á nýja kennsluvefnum er meðal annars þýdd kennslubók um þróunarmál fyrir elstu bekkji grunnskóla og framhaldsskóla sem heitir: Verður heimurinn betri?, en Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna, UNDP, gefur bókina út. „Frá því að Verður heimurinn betri? kom fyrst út í Svíþjóð árið 2005, hafa tugþúsundir manna lesið hana og notað, ungir sem aldnir, í skólum, félagasamtökum og námshópum. Við höfum fengið mikið af jákvæðum viðbrögðum og athugasemdum, sem lúta ekki síst að þeirri staðreynd að í rauninni er ástandið í heiminum alls ekki eins hörmulegt og ætla mætti,“ skrifar Camilla Brükner, framkvæmdastjóri Norðurlandaskrifstofu UNDP í formála bókarinnar.

Engilbert Guðmundsson, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, segir í formála íslensku útgáfunnar m.a. frá því að í könnun um þróunarfræðslu í íslenskum grunn- og

framhaldsskólum sem unnin var fyrir á þessu ári hafi komið í ljós að sú fræðsla hafi bæði verið takmörkuð og ómarkviss. „Kennarar töldu eina megin skýringuna vera skort á vönduðu námsefni með nýjum upplýsingum. Það eru ríkir hagsmunir Þróunarsamvinnustofnunar Íslands að unga kynslóðin á Íslandi hafi aðgang að góðu námsefni um þróunarmál og til þess að bæta úr brýnni þörf var skimað eftir ákjósanlegum námsbókum í nágrannalöndum okkar. Staðnæmst var við bókina Blir vörlden bättre? sem bæði Kennarasamband Íslands og Námsgagnastofnun töldu einkar vel við hæfi að fá þýdda fyrir íslenska nemendur. Mikil og góð reynsla er af bókinni í Svíþjóð og hún talar á auðskiljanlegan og jákvæðan hátt til nemenda um þróun í veröldinni, vekur upp spurningar og umræður og vísar í staðreyndir og nýja tölfræði.“

Áður nefnd könnun um þróunarfræðslu sýnir að í þeim fáu grunnskólum þar sem slík fræðsla er í boði tengist hún helst söfnunum frjálsra félagasamtaka og námsefnið er fyrst og fremst fræðslu- og kynningarefni þeirra. Í framhaldsskólum er þróunarfræðsla takmörkuð að mestu leyti við félagsfræðiáfangar þar sem hún byggist að mestu á námsbók sem kom út fyrir áratug.

Á fyrrnefndu málþingi var birt niðurstaða nýrrar skoðanakönnunar um viðhorf og þekkingu Íslendinga á

þróunarmálum. Helstu niðurstöður eru þær að tæplega 90% Íslendinga vilja óbreytt eða aukin framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Átta af hverjum tíu Íslendingum eru hlyntir því að íslensk stjórnvöld taki þátt í slíkri vinnu og litlu færri eru sammála því að hún hjálpi til í baráttunni gegn fátækt í þróunarríkjum. Hins vegar er þekking Íslendinga á málaflöknum lítil. Til dæmis vakti athygli að aðeins 4% nefndu skóla þegar spurt var: Hvar færð þú helst upplýsingar um þróunarsamvinnu? Einnig leiðir könnunin í ljós að yfir 86% aðspurðra gátu ekki nefnt neitt þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem þó voru samþykkt árið 2000 og hafa verið rauður þráður í öllu þróunarstarfi í meira en áratug.

Á nýja kennsluvefnum hefur verið safnað saman gagnlegum upplýsingum um þróunarmál frá frjálsum félagasamtökum í alþjóðastarfi og Þróunarsamvinnustofnun og þar er meðal annars að finna fjölda kvikmyndabrotta, auk nýju kennslubókarinnar.

Texti og mynd: Gunnar Salvarsson, útgáfu- og kynningarstjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.



Tæplega 90% Íslendinga vilja óbreytt eða aukin framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu.

Faghandleiðsla fyrir kennara og námsráðgjafa



Handleiðsla er líkleg til að stuðla að vellíðan í starfi. Hún er fyrirbyggjandi þáttur varðandi starfsþreytu, skerpir markmiðssetningu og eflir samskiptahæfni. Nýttu þér rétt þinn til handleiðslu, sbr. 3. gr. í úthlutunarreglum sjúkrasjóðs frá 1.des 2005.

Guðrún H. Sederholm
MSW fræðslu – og skólafélagsráðgjafi,
námsráðgjafi og kennari.

Lundur 92, 200 Kópavogur / S: 5544873 / Gsm: 8645628
gshed@simnet.is

Guðmundur Tyrfingsson ehf

Gleður og góðir síðan 1969



- Vorferðir
- Fræðsluferðir
- Gönguferðir
- Fjörufurðir
- Sveitaheimsóknir
- Heimsókn í Álfa-, trölla og norðurljósasafnið eða Draugasetrið
- Þjóðum ódýra gistingu fyrir hópa

- Öryggisbelti í öllum bílum og yfir 800 sæti með þriggja punkta beltum.
- Umhverfisvænar rútur
- Árlegt öryggisnámskeið fyrir bílstjóra



Dæmi um skólaferð: létt fjallanga, Álfa-, trölla og norðurljósasafnið eða Draugasetrið og sund.

Guðmundur Tyrfingsson ehf

Sími 482 1210
gt@gtbus.is
www.gtyrfingsson.is





NEMENDAHAFFDRÆTTI GRUNNSKÓLANNA

Starfið í lagi hjá sigurvegurinum en í járnum hjá þeim sem tapa

Það er ekki einfalt að leiða starf grunnskóla og tryggja að reksturinn sé í lagi ásamt öllu öðru sem þarf að ganga upp. Það þekkjá fáir betur en Ásgeir Beinteinsson, skólastjóri í Háteigsskóla í Reykjavík, sem tekst á við mörg og fjölbreytt verkefni á hverjum degi. Samskipti við nemendur, foreldra og kennara taka mikinn tíma þar sem áherslan er á að hver nemandi fái kennslu við sitt hæfi. Reksturinn er hins vegar umfjöllunarefnið hér og þar er Ásgeir enginn byrjandi, en hann hefur 28 ára stjórnunarreynslu. Hann segir að í sinni einföldustu mynd megi skipta fjárveitingum til grunnskóla í tvennt, annars vegar fjármuni til kennslu og hins vegar til rekstrar skólanna.

„Ef við byrjum á kennslunni þá er þeim fjármunum deilt út eftir fjölda nemenda. Útreikningarnir fara fram í reiknilíkani sem er ekki fullkomið frekar en önnur mannanna verk. Í raun má segja að á hverju ári taki skólarnir þátt í happdrætti þar sem sumir eru heppnir og aðrir óheppnir. Til dæmis vorum við í þeirri stöðu skólaárið 2009 til 2010 að fá aukalega 64 kennslustundir á viku sem við þurftum ekki að nota, en það samsvarar tveimur og hálfu stöðugildi. Hvert stöðugildi gaf þá rúmlega 5 milljónir þannig að þetta var mikil búbót. Við réðum ekki í þessar stöður en fjármagnið nýttist í annan rekstur.“

Ásgeir segist ekki vera jafn heppinn í ár, því reiknilíkanið gefi honum engar slíkar aukastundir og fjármagn og staðan sé því erfið.

„Ég hef vitað frá vormisseri að það stefndi í ógöngur í rekstri skólans. Ég

er margbúinn að vekja athygli á þessum vanda með reiknilíkanið og var reyndar skipaður í starfshóp um málið árið 2011, en hann hefur ekki enn verið kallaður saman.“

Um annan rekstur en þann sem lýtur að kennslumagni grunnskólanna í Reykjavík segir Ásgeir að renni allt of lítið fé. Undir það taka allir skólastjórar sem Skólavarðan talaði við.

„Sem dæmi má nefna rafmagn og hita, en þar er vissulega vitlaust gefið. Við höfum gert allt sem við getum til að spara; slökkt á öðru hverju ljósi í skólanum, fylgst með mælum, samstillt ofna o.s.frv. en samt duga þær fjárveitingar sem við fáum til að greiða orkureikninginn ekki og munu aldrei gera. Ég þarf því að brúa bilið og finna peninga annars staðar í rekstrinum. Ég gat það áður með umframfjármagninu sem fékkst gegnum kennsluhlutann, en ég get það ekki nú. Viðhaldi tækja og tóla hefur enn fremur verið slegið á frest og óvíst er um hvenær það breytist. Ég get nefnt sem dæmi að skjávarpar hafa hér verið að bila og gefast upp og kæli í mötuneyti er ónýtur, en nýr kostur um fimm hundruð þúsund krónur. Ég hef óskað eftir aukafjárveitingu til að mæta þessu en þeirri beiðni hefur verið hafnað. Ég veit því ekki hvernig ég á að fara að. Það er að vísu í gangi átak í innkaupum á tölvum en engar áætlanir uppi um endurnýjun á nauðsynlegum jaðartækjum. Hvernig nýtum við tölvur ef jaðartækin eru ónýt? Lausafjárkaupaliðurinn var hreinlega tekinn út árið 2009 og hefur ekki sést síðan, þannig að við erum í svipaðri stöðu og Landsspítalinn,

nema það er engin hættu á líkamlegum slysum þó að nauðsynlegan búnað vanti til kennslu.“

Ásgeir segir nauðsynlegt að breyta rekstrarforsendunum og tryggja skólanum það fjármagn sem þeir þurfi. „Við viljum bara fá það sem þarf til að geta rekið skólana. Augljóst er dæmið um fjárveitingar til orkukaupa. Það er líka mikilvægt að fara að sjá fjármuni til tækjakaupa því að ástandið gerir skólastarfið ansi snautlegt. Í dag þarf ég einhvern veginn að „stela“ peningum úr öðrum liðum til að kaupa búnað og mér finnst blóðugt að þurfa að láta innkaup tækja ráðast af því hvernig nemendahappdrættið gengur á hverju ári.“

„Kvenfélagið gaf okkur eina og hálf milljón og fyrir það gátum við endurnýjað búnað. Við sækjum líka um styrki í Pokasjóð, Æskulýðssjóð og Samfélagssjóð Landsbankans.“

Ingileif Ástvaldsdóttir, skólastjóri Belamerkurskóla.

„Borgin gerir ráð fyrir að um 90% allra nemenda kaupi að jafnaði mat í skólanum og að mötuneytið skili þannig allt að sex milljón króna hagnaði á ári. Reyndin er að aðeins milli 50 og 60% nemendanna borða í skólanum og hagnaðurinn er enginn. Þetta skapar töluverðan fjárhagsvanda og ég verð að minnka aðra þjónustu, t.d. fækka skólaliðum, minnka þrif o.s.frv.“

Guðmundur R. Sighvatsson, skólastjóri Austurbæjarskóla.

Texti: Aðalbjörn Sigurðsson.
Mynd: Skólavarðan.

Óvæginn umræða um einelti í skólum

Fjölmiðlar hafa í haust fjallað um mál þar sem kennari er sakaður um að leggja nemanda í einelti. Slík mál eru augljóslega afar viðkvæm og á þeim margar hliðar, sem útilokar að hægt sé að gera þeim fullnægjandi skil í hraðsoðnum fréttum. Það hefur hins vegar ekki hindrað fjölmiðla í að birta nafnlaus viðtöl við foreldra sem segja einhliða frá upplifun sinni. Fráleitt er að vinnubrögð fjölmiðils geti talist fagleg þegar einungis er greint frá annarri hlið afar alvarlegs máls. Kennarar og aðrir starfsmenn skóla eru bundnir trúnaði og geta því ekki varið sig á þessum vettvangi.

MIKILVÆGT AÐ MÁL RATI RÉTTA BOÐLEIÐ

Kennarasamband Íslands hefur ekki tjáð sig um þessi mál nema með því að senda út yfirlýsingu þar sem fjölmiðlar eru meðal annars hvattir til að fara varlega og treysta þeim fagmönnum sem fengnir eru til að rannsaka slík mál.

Kennarar sem ásakaðir eru um vanrækslu í starfi geta leitað til KÍ þar sem Erna Guðmundsdóttir lögmaður starfar, en hún hefur aðstoðað kennara í mörgum slíkum málum. Hún segir að þegar mál af þessu tagi komi upp sé mikilvægt að þau rati réttar boðleiðir, svo ekki sé kastað rýrð á heilu skólana og starfsfólk þeirra.

RANNSÓKNARSKYLDA OG ANDMÆLARÉTTUR

„Í kjarasamningum og lögum sem gilda um kennara eru ákvæði sem heimila vinnuveitendum að veita kennara skriflega formlega áminningu hafi hann gerst sekur um vanrækslu í starfi. Áður en það er gert þarf vinnuveitandi að rannsaka málið og gefa starfsmanni



Erna Guðmundsdóttir, lögmaður Kennarasambands Íslands.

kost á að tjá sig um meintar ávirðingar. Mikilvægt er að vel sé staðið að rannsóknnum í málum sem þessum og að vinnuveitandi sé ekki fyrirfram búinn að ákveða að veita starfsmanninum áminningu. Fari svo að starfsmanni sé veitt formleg áminning ber að veita honum tíma og tækifæri til að bæta ráð sitt áður en gripið er til uppsagnar,” segir Erna.

EKKI ALLTAF FÓTUR FYRIR ÁSÖKUNUM

Að sögn Ernu hefur það því miður aukist síðastliðin ár að starfsmenn skóla verði fyrir óvæginni og jafnvel ærumeiðandi umfjöllun í fjölmiðum. „Oft er um að ræða gagnrýni foreldra sem beinist að persónu starfsmanns

og dæmi eru um að um tilbúning sé að ræða þegar málin eru rannsökuð betur. Upp hafa komið alvarleg tilvik þar sem jafnvel hefur verið haft í hótunum í garð starfsmanns og fyrir því standa þeir berskjaldaðir.“

Erna segir enn fremur að í kjarasamningum og lögum sé á kveðið um með hvaða hætti sé hægt að bregðast við aðstæðum þar sem starfsmaður hefur sannarlega gerst sekur um refsiverða háttsemi. Alltaf beri þó að hafa í huga rannsóknarskyldu stjórnvalds og andmælarétt starfsmannsins.

Mynd: Skólavardan.



Guðbjörg Ragnarsdóttir.

Mikilvægt að efla virðingu kennarastarfsins



Ráðstefna Samstarfsnefndar norrænu kennarasambandanna í Nýborg.



Níutíu fulltrúar aðildarfélaganna norrænna kennarafélaga komu saman á ráðstefnu Samstarfsnefndar norrænu kennarasambandanna (NLS) í Nýborg í Danmörku 7. – 9. október síðastliðinn. Þar var farið yfir vítt málefna svið, meðal annars norræna skólalítilík, stöðu kennara á nýrri öld, hlutverk trúnaðarmanna og leiðir til að efla virðingu kennarastarfsins.

MIKILVÆGT AÐ NORRÆN GILDI HALDI VELLI

Ráðstefnugestir hlýddu á fyrirlestra um hugmyndafræði menntunar í Evrópu ásamt hinni samnorrænu sýn. Mikkel Mailand, lektor við Kaupmannahafnarháskóla, greindi frá rannsókn á fyrirkomulagi kjarasamninga á Norðurlöndunum og í Evrópu. Í máli hans kom fram að skólar á þessu svæði stæðu frammi fyrir tvíþættari kröfu, því þeir þyrftu að þola niðurskurð og hagræðingu í kjölfar kreppu á sama tíma og gerðar væru miklar kröfur um skilvirkni. Kennarastéttin eldist og dræm aðsókn er í kennaranám. Mailand fjallaði um verkþann danskra sveitarfélaga á grunnskólakennara síðastliðið vor, sem hlýtur að vekja ugg annarra stétta, þar sem farið var á snið við frjálsar kjarasamningaviðræður og lagasetningu beitt. Anders Rusk, for-

maður NLS, fjallaði um styrkleika norrænu þjóðanna og nefndi sérstaklega áhersluna á velferð og atvinnu, gagnkvæman skilning og virðingu. Að hans mati er lykilatriði að þessi hefðbundnu norrænu gildi haldi velli.

FAGMENNSKAN Í FORGANG

Heill dagur var tileinkaður kennurum, skólum, fagmennsku og leiðum til að styrkja kennara í starfi. Hafdís Ingvarsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið HÍ, hélt þá athyglisvert erindi þar sem hún sagði að besta leiðin til að efla virðingu kennarastarfsins væri að setja fagmennsku hans í forgang. Það væri best gert með því að efla kennaramenntun og auka möguleika til starfsþróunar. Breytingar hefðu orðið á störfum kennara eins og annarra stétta og í stað einyrkjahugsunar væri nú bæði lögð áhersla á samvinnu og samábyrgð kennara á námi nemenda sinna og sjálfra þeirra í eigin starfi. Mikilvægt er, að mati Hafdísar, að skapa aðstæður í skólastarfinu sem styðja kennarann og veita honum tíma fyrir samvinnu, hvort sem er með nemendum eða öðrum.

Í máli hennar kom fram að hlutverk skólustjóra væri að styðja kennara í starfi þar sem áhersla væri lögð á fag-

mennsku. Það er því mikilvægt að ræða við kennara um hvað þeir telja sjálfir að þeir hafi þörf fyrir og hvetja þá til starfsþróunar. Þetta felur ekki bara í sér sýmenntun á háskólastigi heldur einnig að samstarfsfólk vinni saman, til dæmis með því að fylgjast með kennslu hvert hjá öðru, skipuleggi starfið saman, leiðbeini hvert öðru og ræði saman um vinnu nemenda. Fagmennsku þarf að byggja upp alla starfsævina að mati Hafdísar.

HLUTVERK TRÚNAÐAR- MANNA

Hlutverk trúnaðarmanna var einnig rætt á ráðstefnunni, tengsl þeirra við stéttarfélagin og þáttur þeirra í að hvetja kennara til umræðu um starf sitt og gildi þess. Þar kom fram að ýmsir þættir hafa áhrif á kennara, t.d. samstarfsfólk og stjórnendur, stefna stjórnvalda og síðast en ekki síst valdsvið einstaklingsins sjálfs. Því er mikilvægt að dreifa ábyrgð til trúnaðarmanna og þaðan til kennaranna sjálfra.

Texti: Guðbjörg Ragnarsdóttir, varaformaður Félags grunnskólakennara.
Mynd: Rán Bjargardóttir.

Viðtal við Illuga Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra

Kjör kennara ekki samkeppnishæf

Menntamálaráðherra telur gott starf unnið í skólakerfinu en vill stytta nám til stúdentsprófs og leggja aukna áherslu á lestrarkennslu í grunnskólum.



Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra.

Illugi Gunnarsson var fyrst kosinn á þing árið 2007 fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Rúmum sex árum síðar, nánar tiltekið 23. maí síðastliðinn, tók hann við lykluunum að mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þar með er þessi fjórutíu og sex ára kennarasonur frá Siglufirði kominn í þá stöðu að geta haft veruleg áhrif á það hvernig skólakerfið á Íslandi þróast næstu misseri.

„Það er margt í skólakerfinu sem er mjög vel gert og margt af því gæti jafnvel talist vera til fyrirmyndar. Ég get þar nefnt áhersluna á að huga meira að líðan barna í skólum, en okkur hefur þannig orðið mjög ágengt í baráttunni gegn einelti sem skiptir gríðarlegu máli. Við leggjum líka hæfni nemenda til grundvallar í skólastarfinu því við erum að búa börnin okkar undir þátttöku í samfélagi sem við vitum ekki

hvernig á eftir að verða, þar sem tækni- og samfélagsbreytingarnar eru svo hraðar. Því þarf að búa nemendur undir að geta aðlagast breyttum aðstæðum. Ég held að kennarar standi sig mjög vel í störfum sínum og ég er ekkert að ýkja þegar ég segi að margir þeirra vinni afrek á hverjum degi. En á sama tíma held ég að við höfum heilmikið svigrúm til að bæta okkur.

Of fáir leggja stund á verk- og iðnnám, námsráðgjöf í grunnskólum mætti vera betri og brottfall úr framhaldsskólum þyrfti að vera minna. Og svo er það niðurstaða PISA könnunarinnar frá árinu 2009 sem sýndi að 25% drengja og 9% stúlkna geta ekki lesið sér til gagns við námslok í grunnskóla. Ég held að allir geti verið sammála um að þetta sé óásættanlegt. Að mínu viti þarf að efla lestrarkennslu í grunn-

skólunum. Þar þarf að hafa sérstaklega í huga að grunnskólinn er hið mikla jöfnunartæki samfélagsins. Allir sem útskrifast eiga að hafa sömu tækifæri í lífinu, óháð efnahag foreldra o.s.frv. En þá hljótum við að spyrja okkur, hver eru tækifæri sextán ára unglings sem getur ekki lesið sér til gagns?“

Ég held að það sé mjög ríkur metnaður hjá forystunni og kennurum almennt að skila sem bestu starfi fyrir nemendur.

STYTTING NÁMS TIL STÚDENTSPRÓFS

Illugi hefur frá því hann varð mennta- og menningarmálaráðherra ítrekað lagt áherslu á að stytta eigi nám til stúdentsprófs. Það taki að jafnaði fjórtán ár að klára stúdentsprófið hér á landi en í öðrum löndum innan OECD útskrifist nemendur eftir tólf eða þrettán ár. Hann boðar því breytingu.

„Þar hef ég beint sjónum mínum að framhaldsskólanum og því að stytta námið þar niður í þrjú ár. Það útilokar hins vegar ekki styttingu á grunnskólunum en í því sambandi vil ég skoða



Pórður Hjaltested, formaður KÍ og Illugi ræða saman.

fleiri möguleika, til dæmis að auðvelda nemendum að færa sig á milli þessara skólastiga. En afar margt þarf að skoða í þessu sambandi. Það er til dæmis heilmikið mál fyrir íbúa í hinum dreifðu byggðum að senda frá sér börn í framhaldsskóla, jafnvel milli byggðarlaga, þegar þau eru sextán ára. Það er enn erfiðara ef þau eru ári yngri.“

Þetta á eftir að útheimta gríðarlega vinnu og fjármuni og það eru fjölmörg vandamál í skólakerfinu sem krefjast úrlausnar. Er rétt að setja þessa áherslu á styttinguna fram nú?

„Bestu rökin fyrir að gera ekki neitt eru alltaf að það þurfi að gera svo margt annað. Það er rétt, það þarf að skoða fjölmörg önnur mál, en það útilokar ekki að við höldum áfram með þetta.“

KJARASAMNINGAVETURINN FRAMUNDAN

Samningar kennara eru annað hvort lausir eða losna á næstu mánuðum. Allar tölur sýna að laun þeirra hafa dregist aftur úr samanburðarhópum og þeir gera því kröfu um kjaraleiðréttingu umfram aðra hópa.

„Auðvitað hef ég áhyggjur af stöðunni. Það þarf ekki að velkjast í vafa um að ef kjör kennara eru ekki samkeppnishæf, þá mun það bitna á þróun stéttarinnar og þar með talið skólastarfinu. Að því sögðu ætla ég ekki að gefa upp hvað

ég tel eðlileg laun fyrir þessa vinnu. Kjörin eru kjarasamningsbundin og það er fjármálaráðuneytið sem sér um endurnýjun samninga. En ég tek fram að launin verða að vera þannig að þau fæli ekki ungt fólk frá því að velja sér þetta starf.“

Illugi segir að mögulega sé ákveðin skekkja í núverandi kjarumhverfi þar sem kjör kennara breytist aðeins eftir aldri en ekki frammistöðu. „Menn geta velt því fyrir sér hversu aðlaðandi það er að fara inn í slíkt launumhverfi. Kennurum er ekki umbunað fyrir að gera eitthvað nýtt eða að leggja meira á sig, heldur fyrst og síðast fyrir að að eldast. Mér finnst sjálfsagt að menn hugsi um hversu líklegt það sé að slíkt fyrirkomulag laði fólk að kennslu.“

OF LÍTIÐ FÉ Í SKÓLAKERFINU

Illugi dregur ekki dul á að fjármuni skorti víða í skólakerfinu, t.d. í framhaldsskólunum. Áherslan í nýkynntum fjárlögum hafi því verið á að hlífa rekstri skólanna.

„Þetta er í fyrsta sinn frá 2007 sem ekki er gerð krafa um aðhald á framhaldsskólastiginu sem þýðir að það skólastig fær á næsta ári sömu upphæð til rekstrar og í ár, en verðbætta. Reyndar hefur það þau áhrif að nemendum fækkar lítilliga milli ára, en aðalatriðið er að engin aðhaldskrafa er gerð á framhaldsskólana.“

Skólastjórnendur komu fram eftir að frumvarpið var kynnt og sögðu að í því væri vissulega krafa um sparnað. Hafa þá skólastjórnendur rangt fyrir sér?

„Já, hvað framhaldsskólana varðar.“

Eitt af þeim verkefnum sem skorin voru niður í fjárlögum var nýstofnað Fagraráð. Engu að síður hefur þú talað opin-skátt um mikilvægi þess, meðal annars í nýlegu ávarpi til kennara.

„Með þessu var ekki verið að leggja niður Fagráðið eða draga úr starfsemi þess. Ég tel að betur sé hægt að sinna því úr ráðuneytinu með þeim fjármunum sem við höfum hér til staðar.“

En hvað með fjármögnun grunnskólans?

„Það er eina skólastigið þar sem við erum sæmilega sett, því ef við berum okkur saman við önnur lönd setjum við hlutfallslega mikla peninga í það skólastig.“

En engu að síður eru íslenskir grunnskólakennarar með mun lægri laun en þekkest í nágrannalöndunum?

„Já, skipulag grunnskólans er umhugsunarefni. Nú er ég reyndar að tala um verkefni annars stjórnsýslustigs, en mér finnst sjálfsagt að velja því fyrir sér hvernig fjármunum í því kerfi er ráðstafað og í hverju við erum að fjárfesta.“

GOTT STARF Í LEIK- OG TÓNLISTARSKÓLUM

Fyrsta skólastigið er leikskólinn. Illugi hefur heimsótt fjölda þeirra og segir ljóst að þar sé unnið afar gott starf og tími barnanna vel nýttur. Þar eins og annars staðar sé starfið þó í stöðugri endurskoðun.

„Auðvitað er alltaf umræða um hvort við getum fært meira námsefni neðar og þá inn í leikskólann. Mér finnst allveg sjálfsgagt að ræða það, en hitt er auðvitað mikilvægt að börn fái að vera börn. Að þau fái að leika sér sem mest og vera í friði fyrir heimi okkar full-orðna fólksins eins lengi og hægt er.“

Lög kveða á um að 2/3 hlutar starfsmanna við menntun og umönnun barna í leikskólum skuli vera menntaðir til þess. Er ekki áhyggjuefni hversu mikið vantar upp á að það markmið laganna náist?

„Jú, sérstaklega í ljósi þess að nokkrir áratugir munu líða þar til við getum uppfyllt þessar kröfur. Ég er þeirrar skoðunar að sérstaklega við kennslu yngstu nemendanna þurfum við á að halda fólki með mjög góða uppeldismenntun, þannig að ég vil ekki slá af kröfum hvað menntun varðar - en ég vil vera raunsær um hvernig við getum best unnið úr þessari stöðu. Það þýðir m.a. að við þurfum að hafa sveigjanleika varðandi námið.“

En þýðir það að þú viljir bjóða á ný upp á þriggja ára leikskólakennaranám?

Hvað varðar aðrar starfsstéttir þá gildir það oft að einhver réttindi ávinnist með þriggja ára námi, t.d. BA/BS námi, og til viðbótar komi síðan aukin réttindi, t.d. með meistaraþáttum. Í ljósi fyrirsjáanlegs og alvarlegs skorts á leikskólastiginu þá hljóttum við að skoða allar lausnir til að efla hið góða starf sem þar er unnið.

Illugi nefnir tónlistarskólann sem annað dæmi um að vel hafi tekist til.

„Ég held að það fyrirkomulag sem við höfum haft í tónlistarkennslu síðustu árin hafi skilað gríðarlegum árangri. Við sjáum þess stað mjög víða í tónlistar-



Menntamálaráðherra sló á léttu strengi þegar hann heimsótti Kennarahúsið fyrir stuttu.

lífi þjóðarinnar. Að baki þessa mikla vaxtar liggur mikil menntun margra og gott aðgengi að tónlistarskólum. Þar fyrir utan er tónlistarnám mannbætandi, því það krefst aga, einbeitingar og vinnu sem skilar árangri langt út fyrir námið. Ég vil því gera mitt besta til að efla það.“

BOÐAR SAMSTARF

Það er stundum nefnt í opinberri umræðu að ekki sé hægt að gera breytingar á skólakerfinu vegna andstöðu kennara og kennaraforystunnar. Er þetta þín upplifun?

„Nei, því hjá kennaraforystunni og kennurum almennt er aðeins eitt sem skiptir máli og það er hversu vel okkur tekst upp með skólastarfið. Ég held að það sé mjög ríkur metnaður hjá forystunni og kennurum að skila sem bestu starfi fyrir nemendur. Ég held að það séu tækifæri til úrbóta en auðvitað þarf að ræða hvaða leiðir eru bestar.“

Texti: Aðalbjörn Sigurðsson.

Myndir: Jón Svavarsson og Aðalbjörn Sigurðsson.

Ekki var verið
að leggja niður
Fagráðið eða draga
úr starfsemi þess.
Ég tel að betur sé
hægt að sinna því
úr ráðuneytinu með
þeim fjármunum sem
við höfum hér til
staðar.



Með krökkum og kompónistum

Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir, fyrrverandi skólastjóri Tónlistarskóla Álftaness, tekin tali.

Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir tónlistarskólastjóri sleit Tónlistarskóla Álftaness í seinasta sinn í vor. Tvennt kom til; hún hætti störfum eftir þriggja áratuga farsælt leiðtogastarf og skólinn hætti að vera til sem sjálfstæð stofnun.

Sveinbjörg er baráttujaxl og ekki er laust við að stundum hafi gustað um hana. Hún segist ekki láta vaða yfir sig og berst fyrir sínu eins og svo margir kollegar hennar þurfa að gera. Öll bæjarfélög vilja státa af glæsilegum menningarstofnunum eins og tónlistarskólar eru en það getur verið þrautin þyngri að fá fjármagn til að halda þeim gangandi.

„Hrunið hafði mikil áhrif á skólann. Nemendum og kennurum fækkaði enda fór sveitarfélagið okkar sérstaklega illa út úr því. Fjárveitingar til skólans voru stórlega skertar með tilheyrandi afleiðingum og nemendum fækkaði um þriðjung. Það var mikil blóðtaka,“ segir Sveinbjörg alvarleg í

bragði. En þrátt fyrir það hélt skólinn sínu striki og gerði sig gildandi í samfélaginu á Álftanesi með kaffihúsatónleikum og einstöku samstarfi við tónskáldin á nesinu sem eru mörg miðað við höfðatölu. TÁ hefur tekið þátt í Nótunni öll þau þrjú ár sem hún hefur verið haldin og tvisvar komist á verðlaunapall.

SIGLUFJÖRÐUR,
LONDON, ÁLFTANES

Sveinbjörg er fædd og uppalin á Siglufirði og þar steig hún fyrstu skrefin út á tónlistarbrautina. Karlakórinn Vísir, sem var frægur á sínum tíma, rak tónlistarskóla þar. Haukur Guðlaugsson, organisti og síðar söngmálstjóri Þjóðkirkjunnar, kenndi þar í þrjú ár og var fyrsti píanókennari Sveinbjargar. „Allir elskuðu hann og hans var sárt saknað þegar hann fór frá okkur til náms,“ sagði Sveinbjörg. „Síðan kom hver kennarinn á fætur öðrum sem var ekki mjög æskilegt, en ég var full áhuga og var dugleg að æfa mig. Þá lá leið mín í

Tónlistarskólann í Reykjavík þar sem ég lærði áfram á píanó hjá Jóni Nordal og tók líka tónmenntakennarapróf. Þaðan fór ég í Guildhall School of Music and Drama í London. Þar var ég í sjö ár alls og útskrifaðist sem einleikari og einsöngskennari auk þess að stunda nám í undirleik.“ Í skólanum kynntist Sveinbjörg eiginmanni sínum, John Speight sem er söngvari og tónskáld, og kenndi píanóleik og tónmennt við einkaskólann St. Michaels í Surrey í þrjú ár eða þar til hún fluttist heim.

Þegar hjónin fluttu til Íslands starfaði Sveinbjörg sem píanókennari og meðleikari við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, og sem píanóleikari með kammerhópum, kórum og söngvurum, sérstaklega eiginmanninum, og kom fram á fjölda tónleika bæði innanlands og utan. Hún var eitt ár í námsorlofi í Bandaríkjunum, m.a. við Westminster Choir College í Princeton, þar sem hún sótti tíma í píanóleik, söng, ungubarnakennslu og meðleik



Það var lífleg og fjölbreytt starfsemi í Tónlistarskóla Álftaness.

með söngvurum hjá Dalton Baldwin. Sveinbjörg kynnti sér hópkenntu á píanó við The New Music School þar sem eingöngu er kennt á píanó. Einnig héldu þau hjón tónleika í New York og Boston í þessari ferð.

AUFÚSUGESTIR Á HRAFNISTU

Það var lífleg og fjölbreytt starfsemi í Tónlistarskóla Álftaness undir stjórn Sveinbjargar og lagði hún áherslu á að hafa fjölbreytt úrval hljóðfæra. Kennt var á strengja- og blásturshljóðfæri en píanó og gítar voru vinsælust. Í skólanum var mikið um samspil nemenda og eina viku á ári var samspilsvika þar sem einkatímar voru lagðir niður. Allir nemendur hittust þá í hópum, stórum og smáum, og spiluðu saman. Vikunni lauk síðan með tónleikum þar sem hóparnir komu fram. Tónsmíðakeppni eða -hátíð þar sem nemendur sömdu sín eigin verk með aðstoð kennara og jafnvel tónskálds var hefð við skólann. Verkin voru síðan flutt á sérstökum tónleikum. Skólinn hefur farið í tónleikaferðalög á hverju ári; heimsótt stofnanir fyrir eldri borgara, Barnaspítalann og Kópavogshæli svo dæmi séu tekin. Heimsókn á Hrafnistu á vorin var árviss og krakkarnir úr tónlistarskólanum voru miklir aufúsugestir þar.

Hópur tónlistarnemenda frá Perth í Skotlandi, þar sem gamall nemandi

Sveinbjargar er yfirkennari, kom í heimsókn á Álftanesið árið 2005. Sveinbjörg, kennarar og nemendurnir tóku á móti þeim og gistu skosku krakkarnir heima hjá nemendum skólans. Skotarnir endurguldu heimboðið ári síðar og fór Sveinbjörg ásamt nokkrum kennurum með hópinn sinn til Perth. Hún minnst ferðarinnar sem eins af hápunktunum á skólastjóraferli sínum.

TÓNLISTARSKÓLINN OG SAMFÉLAGIÐ

Foreldrafélag TÁ hefur til margra ára verið mjög virkt og kom að starfsemi skólans á margan hátt. Það lagði sitt af mörkum við svokallaða kaffihúsatónleika sem voru mjög vinsælar. Sveinbjörg segir að það sé alltaf dálítið vandamál að fá fólk til að sitja undir löngum nemendatónleikum og stundum sé það jafnvel svo að fólk yfirgefi tónleikana þegar barnið þess hefur lokið við að koma fram. „Þetta eru auðvitað engir mannasíðir,“ segir Sveinbjörg. „Þótt ég hafi verið rosalega ströng og reynt að ala fólk upp við betri síði þá skil ég að það getur verið krefjandi að sitja lengi og hlusta á nemendur spila. Því fundum við upp á kaffihúsatónleikunum. Þá röðuðum við borðum upp eins og á kaffihúsi og foreldrafélagið sá um kaffiveitingar. Tónleikagestir hlýddu síðan á tónleika í tuttugu mínútur, sem er mjög hæfileg lengd, síðan kom tíu mínútna hlé og

þá gafst kostur á að fá sér kaffi og meðlæti. Síðan stigu aðrir hljóðfæraleikarar á svið með nýjum áheyrendum en þeir sem vildu sátu áfram. Flestir tónleikar starfsársins voru með þessu sniði og mæltist það mjög vel fyrir.“

TÓNLISTARSKÓLI ÁLFTANESS OG TÓNSKÁLDIN

Ein er sú auðlind sem Álftnesingar eiga en það er fríður flokkur tónskálda sem skólinn átti í gjöfulu samstarfi við. Frá því skólinn varð sjálfstæður hefur á fimm ára fresti verið pantað verk frá tónskáldi sem búsett er á Álftanesi, og verkið flutt á afmælistónleikum. Tónskáldin tóku því alltaf fagnandi þegar þau voru beðin um að semja verk fyrir skólann. Í fyrra, þegar skólinn fagnaði tuttugu og fimm ára afmæli sínu, átti hann í fórum sínum fjögur verk en Sveinbjörg pantaði til viðbótar fjögur ný, eitt eftir hvert tónskáld og voru þau flutt á stórafmælistónleikunum sem haldnir voru í Víðistaðakirkju. Tónsmíðar nemenda skólans voru fluttar við sama tækifæri og gestum svo boðið upp á afmælistertu að tónleikum loknum. Sveinbjörg er stolt á svip þegar hún segir að á þessum tónleikum hafi einungis verið frumflutningur verka sem sérstaklega voru samin fyrir skólann. Hún tekur fram að skólinn hafi ætíð notið styrkja frá sveitarfélaginu til að greiða tónskáldunum fyrir verkin. „Það er gott dæmi, og ekki það eina, um að sveitarstjórnin á Álftanesi studdi dyggilega við starfsemi skólans,“ segir Sveinbjörg. Tónskáldasjóður Ríkisútvarpsins veitti Sveinbjörgu einnig myndarlegan styrk vegna verkefnisins.



Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir með nemendum úr Tónlistarskóla Álftaness.

Við starfsfólkið og foreldrafélagið höfum barist á hæl og hnakka fyrir því að halda skólanum. Rök okkar eru þau að útibú geti ekki blómstrað með sama hætti og sjálfstæð stofnun, það missir sérstöðu sína og hlýtur að draga dóm af móðurskólanum.

DISKUR MEÐ ÖLLUM VERKUNUM

Tónleikarnir vöktu verðskuldaða athygli sem leiddi til þess að flytjendurnir fengu það gullna tækifæri að flytja alla dagskrá tónleikanna á Myrkum músíkdögum í Hörpu í vetur sem leið. TÁ er fyrstur tónlistarskóla til að öðlast þann heiður. „Við erum mjög montin af þessu,“ segir Sveinbjörg og brosir breitt. „Þetta var viðburðaríkur vetur og við og nemendurnir erum mjög ánægð með afraksturinn. Í vor gáfum við svo út disk með öllum verkunum sem samin hafa verið fyrir skólann okkar.“

LITLAR EININGAR BLÓMSTRA BETUR

Tónlistarskóli Álftaness stendur á tímamótum og segja má að hann sé aftur kominn á byrjunarreit. Hann var stofnaður sem deild í Tónlistarskóla Garðabæjar en varð sjálfstæður skóli árið 1987. Sveinbjörg hóf störf við skólann 1984 en tók við skólastjórstöðunni af Gísla heitnum Magnússyni þegar skólinn varð sjálfstæð stofnun. Bæjarsjórn Garðabæjar notaði tækifærið þegar Sveinbjörg hætti og sameinaði hann aftur gamla móðurskólanum þar sem sveitarfélögin hafa verið sameinuð.

„Ég er mjög ósátt við sameininguna,“ segir Sveinbjörg. „Ég held að þetta sé röng stefna. Við starfsfólkið og foreldrafélagið höfum barist á hæl og hnakka fyrir því að halda skólanum. Rök okkar eru þau að útibú geti ekki blómstrað með sama hætti og sjálfstæð stofnun, það missir sérstöðu sína og hlýtur að draga dóm af móðurskólanum. Skólinn í Garðabæ er 430 manna skóli meðan okkar skóli er með hundrað nemendur. Litlar einingar blómstra miklu betur, en samstarf hefði auðvitað verið sjálfsagt. En það er erfitt fyrir skólastjóra að hafa tvær stefnur ríkjandi í einum og sama skólanum.“

Sveinbjörg ætlar að njóta þess að gera það sem hugurinn girnist nú þegar hún er hætt störfum sem skólastjóri. Hún hlakkar til að njóta frelsisins og lítur sátt yfir farinn veg.

Texti: Guðlaug Guðmundsdóttir.
Myndir: Jón Svavarsson.



- FYRIR LEIKSKÓLABÖRN OG YNGSTU BÖRN GRUNNSKÓLA
- TÍU NÁMSLEIKIR SEM ÖRVA LÆSI OG STÆRÐFRÆÐI
- NÍU TUNGUMÁL
- YFIR 70 VERKEFNABLÖÐ TIL ÚTPRENTUNAR
- ENGAR AUGLÝSINGAR, ENGIN SKRÁNING





Facebook.com/paxel123

Siðareglur

- nytsamlegur stuðningur við siðferðiskenndina.



ÆGIR KARL ÆGISSON.

Höfundur er formaður siðaráðs KÍ, áfangastjóri og kennari við Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Siðferðiskennd er nauðsynlegur þáttur í fagmennsku kennara, þó siðareglur séu það ekki. En það er metnaðarlítill fagmennska sem lætur nægja það sem nauðsynlegt er og gerir aldrei neitt umfram; það er jafnvel ósennilegt að fagmennska þrífist án faglegs og siðferðilegs metnaðar. Hann kann svo að kalla á siðareglur sem eru hluti af daglegu starfi, hluti af siðferðiskennd fagmannsins og raunveruleg hvöt til verðugra verka.

En ef siðareglur eru í raun samþykktar af þeim sem eiga að fara eftir þeim, eru þær þá ekki svo sjálfsagðar að óþarfi sé að hafa orð á þeim? Hvaða gagn er að því að orða hið sjálfsagða?

Siðareglur sem eru styrktar af viðurlögum gera augljóslega gagn, og með þeim má veita hinum breysku og forhertu aðhald. En siðareglur kennara eru engin lög og siðaráð kennara enginn dómstóll. Þær eru frekar áskorun og áminning fyrir siðferðiskenndina; yfirlýsing kennarastéttarinnar innbyrðis og til þeirra er málið varðar.

Það er tilhneiging að gefa sér að reglur hljóti að vera einhlítar og að af þeim megi álykta afdráttarlaust líkt og í stærðfræði. Slík rökhugsun er þó aðeins einn hluti skynsemi okkar og reglur geta einnig nýst öðrum tegundum skynseminnar, s.s. dómgreindinni og sköpunargáfunni.

Dómgreindin er geta okkar til að meta hluti út frá reynslu og af innsæi. Hún er sú tegund skynsemi sem við notum kannski mest dagsdaglega og rennur raunar saman við siðferðiskenndina. Hún er ekki aðeins innra með okkur heldur eflist einnig af ytri aðstæðum,

s.s. siðareglum. Þær eru áminning dómgreindarinnar þar sem við gætum gleymt okkur, áskorun sem virkjar krafta okkar þar sem við kynnum að slá slöku við.

Siðareglur nýtast einnig sköpunargáfunni og getunni til að gera eitthvað nýtt. Hið sjálfgefna og ófrumlega getur verið grundvöllur nýsköpunar. Stuttar reglur, eins og siðareglur kennara, útlista ekki sjálfar sig heldur krefjast þess að við íhugum og finnum eigin leiðir til þess að fara eftir þeim.

Siðareglur eru eitt af því sem sam-einar kennara sem fagstétt, frekar en launatöflur. Siðareglur leggja til faglegar sjálfmyndar og skapa þannig umræðuvettvang. Fagleg sjálfmynd kennara samanstendur af mörgum þáttum, s.s. kennaramenntun, sérmenntun, kennslureynslu og sam-eiginlegum kjörum. Eftir því sem fagmennskan nær meiri þroska verður hún margslungnari og faglegt siðferði er ómissandi hluti þess þroska. Til þess að samræður verði markvissar þarf að koma sér saman um umræðuefnið með einum eða öðrum hætti og siðareglur eru ein aðferð til þess. Umræðuefnið er þá gefið og útleggingar þess seinþrotnar; efnið er stöðugt og hægt að snúa aftur og aftur til þess eftir ys og þys dagsins.

Siðareglur eru einnig yfirlýsing út á við um sjálfræði kennarastéttarinnar: Hér er þroskuð fagstétt sem setur sér sjálf siðareglur og lýtur ekki siðferðilegri forystu annarra; stétt sem sýnir dómgreind í sínu fagi en tekur ekki einungis við skipunum. Siðareglur eru yfirlýsing um að kennarar séu ekki aðeins að framfleyta sér með kennslu heldur beri þeir ábyrgð á starfi sínu og geri tilkall til að taka þátt í mótun þess.

Þó siðareglur séu ekki nauðsynlegur hluti af fagmennsku geta þær verið það nytsamlegur stuðningur við siðferðiskenndina að nægjanleg ástæða sé til þess að hafa þær. Faglegur metnaður ætti að hvetja okkur til að íhuga hverjar skyldur okkar séu og viðurkenna hvernig við í raun lútum siðareglum.

Texti og mynd: Ægir Karl Ægisson.

Röddina þarf að viðurkenna sem bótaskyld atvinnutæki



Dr. Valdís I. Jónsdóttir ritar hér grein um röddina og vekur athygli á þeim vandamálum sem kennarar geta staðið frammi fyrir ef þeir lenda í því að misbjóða henni.

Skilningur á vinnuvernd hefur aukist með aukinni þekkingu. Þannig er orðið skylt að nota augnhlífir og heyrnar-skjól við vissar vinnuaðstæður til að hlífa sjón og heyrn. Þessi árvekni virðist þó ekki vera fyrir hendi þegar röddinni er misboðið og trúlega er þar um að kenna þekkingar- og andvaraleysi. Enn er það haft að viðmiði þegar hávaði er mældur í skóla að hann skaði ekki heyrn. Þau viðmið eru langt yfir þeim mörkum hávaða sem hægt er að tala í án verulegrar áreynslu.

Fjöldi manns byggir afkomu sína á því að leigja út rödd sína og lítið færi fyrir heilu atvinnugreinunum ef radda nyti ekki við. Samt er ekki í boði nauðsynleg fræðsla um röddina, t.d. hvernig eigi að beita henni eða vernda hana. Ef vel er að gáð þá kemur í ljós að raddveilur eru heilsufarsvandamál sem kosta bæði einstaklinga og þjóðfélagið drjúgan skilding á hverju ári.

Kennarar skipa sér í efstu sætin í hópi raddveilusjúklinga og kemur það ekki á óvart þegar hugsað er til eðlis starfs þeirra og þeirra aðstæðna sem þeir þurfa að beita rödd sinni í. Þeir þurfa oft að tala í hávaða, í stóru húsnæði og með nemendur fjarri sér. Því er ágætt að hafa eftirfarandi í huga:

Langoftast koma raddveilur og raddprot fram vegna of mikils álags á raddfæri. Þess vegna er eðlilegt að líta á þær sem atvinnusjúkdóm og þar með heilsufarsvandamál.

- Röddinni eru takmörk sett og hún berst því ekki eins vel og manni finnst sjálfum.
- Það er eðlislægt að hækka róminn í takt við aukinn hávaða en þar með spennast upp allir vöðvarnir sem stjórna barka og barkakýli og setja hreyfifrelsi raddbanda í uppnám.
- Þar sem við öndum að okkur gegnum munn þegar við tölum er mikilvægt að hafa í huga að raddböndin eru í öndunarveginum og geta fengið á sig óheilmæm efni úr andrúmsloftinu, t.d. ryk og gufur frá hættulegum efnum.
- Íþróttakennarar og leikskólakennarar virðast eiga hvað mest á hættu að lenda í raddskaða, enda þurfa þeir oft að tala í miklum hávaða. Ástæða þótti t.d. til að senda 39 af 71 íþróttakennara til háls-, nef- og eyrnalækna þegar svör þeirra í rannsókn á rödd og heyrn voru skoðuð.

Langoftast koma raddveilur og raddprot fram vegna of mikils álags á raddfæri. Þess vegna er eðlilegt að líta á þær sem atvinnusjúkdóm og þar með heilsufarsvandamál. Svo er þó ekki gert í lögum og reglugerðum. Sá sem leggur til rödd sína á ekki að þurfa að gjalda sjálfur fyrir skaða sem hún verður fyrir. Það á að vera baráttumál samtaka eins og Kennarasambands Íslands að röddin verði viðurkennd sem atvinnutæki. Kennarar sem þurfa á kostnaðarsamri meðferð að halda vegna raddskaða eiga ekki að bera þann bagga sjálfir. Sjúkratryggingar Íslands og sjúkrasjóðir borga aðeins brot af kostnaðinum. Forvörn, eins og góð hljóðvist og gott magnarakerfi, eiga að vera jafn sjálfsgöðar og augnhlífir og eyrnaskjól.

Höfundur er raddmeinafræðingur og doktor í raddmeinum.



„ÞAÐ ER BÚIÐ AÐ RÚSTA ATVINNU-TÆKINU MÍNU“

Jóhanna G. Einarsdóttir

Íþróttakennari segir farir sínar ekki sléttar en hún hefur orðið að hætta kennslu vegna raddmeina sem hún hlaut í heilsuspillandi kennsluhúsnæði sem hún varð að láta sér lynda mánuðum saman. Hún varpar einnig fram nokkrum áleitnum spurningum og var lögfræðingur KÍ fenginn til að svara þeim.

Ég hef verið kennari við Lundarskóla á Akureyri í 20 ár, kennt íþróttir í íþróttahúsi skólans í KA-húsinu og sund í Akureyrarsundlaug. Sumarið 2011 var ráðist í endurbætur á íþróttahúsinu þar sem setja átti nýtt gólf og skipta um áhorfendapalla. Þessum framkvæmdum átti að vera lokið þegar kennsla hæfist.

Við upphaf skólastarfs kom í ljós að framkvæmdir voru skemmra á veg komnar en áætlanir gerðu ráð fyrir og smíðum ætlað að ljúka framkvæmdum þrátt fyrir að kennsla stæði yfir. Mikil ólykt og ryk var í húsinu og gífurlegur hávaði, enda oft verið að bora í járn og það jafnvel á fleiri en einum stað í einu. Efnisbunkar og verkfæri voru á víð og dreif og á tímabili var einnig verið að mála. Þetta ástand var viðvarandi út nóvember og skapaði hættuástand fyrir bæði nemendur og okkur íþróttakennarana.

Bæði kennarar og skólastjórnendur mótmæltu þessu harðlega en töluðu fyrir daufum eyrum framkvæmdastjóra hússins, smíðanna og Fasteigna Akureyrarbæjar. Grandvaraleysi manna virtist vera algjört.

Fljótlega eftir að kennsla hófst fór ég að finna fyrir raddþreytu, þurrki í hálsi og miklu hæsi. Einn daginn brast röddin þar sem ég var í miðju kafi að gefa nemendum mínum fyrirmæli. Í byrjun nóvember stóð ég fyrir framan nemendur og fann að ég gat þetta ekki lengur því ég hafði ekki nægilegan raddstyrk. Eftir rannsókn hjá háls-, nef- og eyrnalækni var ég send í veikindaleyfi og þjálfun hjá talmeinafræðingi en þrátt fyrir um 25 tíma meðferð um veturinn og ótal læknisheimsóknir voru talfæri mín svo illa farin að ég gat ekki kennt meira þann vetur. Síðastliðinn vetur kenndi ég, þrátt fyrir að vera alls ekki í ástandi til þess nema með mikilli aðstoð samkennara minna þar sem rödd mín hafði ekki lagast. Þegar skólinn byrjaði nú í haust kom í ljós að ég gat ekki kennt og ég er nú í öðrum verkefnum innan skólans.

Eftir þessi tvö ár stend ég nú frammi fyrir því að geta ekki stundað þá vinnu sem ég menntaði mig til og hef mikla ánægju af, þar sem atvinnutæki mínu hefur verið rústað. Ég get ekki átt venjulegar samræður við fólk vegna raddþrots og þarf áfram þjálfun hjá talmeinafræðingi. Lífsgæði mín eru skert og ég veigra mér við að vera í margmenni af því að fólk heyrir ekki til mín.

Ótal spurningar koma upp í hugann:

- Hver er réttur kennara þegar farið er inn í kennslurými án samþykkis hans og honum skapaðar óviðunandi vinnuaðstæður?
- Hver á að greiða fyrir sérfræðiaðstoð sem nauðsynleg er vegna raddskaða sem orsakast af slæmum vinnuaðstæðum?
- Hvers vegna er rödd kennara ekki lögvernduð/tryggt sem atvinnutæki?
- Hvers vegna vantar vinnuöryggislöggjöf sem fjallar um raddvernd stétta?
- Hvernig standa lífeyrismál kennara ef hann þarf að hætta kennslu vegna raddþrots?



Erna Guðmundsdóttir, lögmaður Kennarasambands Íslands.

SKYLDA VINNUVEITENDA AÐ TRYGGJA ÖRYGGI STARFSMANNA Á VINNUSTAÐ

Sú skylda hvílir á vinnuveitanda, samkvæmt lögum, að tryggja starfsmönnum sínum að vinnuumhverfið sé öruggt og spilli ekki heilsu þeirra. Mikilvægt er að vinnuveitandi hafi frumkvæði að því að tryggja öryggi starfsmanna sinna og að heilsu þeirra sé ekki ógnað. Hann skal ekki láta hjá líða að finna bót á slæmum vinnuaðstæðum. Vinnuveitandi gæti orðið bótaskyldur sé sannað að hann hafi vanrækt þær skyldur sínar. Það gengur ekki að vinnuaðstæður starfsmanns geti haft svo slæm áhrif á heilsu hans að hann þurfi að fara í veikindaleyfi eða neyðist til að hætta störfum.

Þann 14. desember 2012 var Reykjavíkurborg dæmd skaðabótaskyld fyrir fjárhagslegt tjón kennara vegna ótímabærra starfsloka hans, sem voru afleiðing þess að veikindi hans í öndunarfærum versnuðu til muna. Kennarinn hafði kennt við skóla í Reykjavík frá síðari hluta 9. áratugar síðustu aldar og kenndi meðal annars smíðar. Árið 2005 varð hann að segja starfi sínu lausu af heilsufarsástæðum, en heilsu hans hafði hrakað mjög í starfi fyrir Reykjavíkurborg.

Tveir dómkvaddir matsmenn, sérfræðingar í öndunarfærasjúkdómum, töldu að áralöng sjúkrasaga kennarans tæki af allan vafa á að sjúkdómseinkenni hans stöfuðu fyrst og síðast af aðbúnaði hans í skólanum. Jafnframt lýstu þeir því að þrátt fyrir sjúkdóm sinn ætti hann, eins og aðrir í hans stöðu, að geta starfað við smíðakennslu. Reykjavíkurborg áfrýjaði málinu til Hæstaréttar og er beðið niðurstöðu í málinu. Sýknukrafa Reykjavíkurborgar byggist á því að undirliggjandi veikindi kennarans væru hið raunverulega tjón kennarans, en ekki svæsin einkenni þeirra.



Salman Khan.

Vendikennsla eða spegluð kennsla er íslenska heitið á því sem kallast á ensku flipped classroom eða inverted classroom, og felst í því að snúa hefðbundinni kennslu við. Í stað þess að kennari haldi fyrirlestra í tímum og sendi nemendur heim með verkefni eru nemendur sendir heim með fyrirmæli um að horfa á kennslumyndbönd á netinu en kennslustundirnar eru nýttar í verkefnavinnu og kennarinn aðstoðar eftir þörfum.

Að vanda sinni kennslu í kross

Því hefur verið fleygt að þetta sé kennsluáðferð 21. aldar þar sem tæknin gegnir lykilhlutverki við hlið vel menntaðs kennara. Hvort eitthvað sé til í því á tíminn eftir að leiða í ljós en víst er að vendikennsla er skemmtileg viðbót í litróf kennsluáðferðanna og íslenskum kennurum sem hafa reynt hana fer fjölgandi.

KAHN ACADEMY, ÓKEYP-IS MENNTUN FYRIR ALLA, ALLS STAÐAR

Salman Khan er Bandaríkjamaður, fæddur 1976, sem starfaði áður við að greina vogunarsjóði. Hann er stofnandi Kahn Academy, vefseturs þúsunda kennslumyndskeiða sem milljónir manna um allan heim nota dag hvern. Kahn Academy er menntunarvefur fyrir alla, alls staðar og þeim að kostnaðarlausu. Ævintýrið hófst árið 2004 þegar frænka Salmans í 7. bekk átti í basli með stærðfræði. Salman vildi hjálpa til og fékk þá hugmynd að búa til stutt myndskaið fyrir hana þar sem hann útskýrði stærðfræðiatríði og setti þau á YouTube, til að geyma þau einhvers staðar. Hann hefur nú sett á netið kennslumyndbönd um stærðfræði, eðlisfræði, líffræði, stjörnufræði, sögu og læknisfræði. Ekki leið á löngu áður en athugasemdir fóru að berast frá fólki héðan og þaðan sem þakkaði honum fyrir efnið og sagðist hafa haft mikið gagn og gaman af því, þeirra á meðal Bill Gates. Foreldrar barna með námsörðugleika fundu þarna góðar lausnir og boltinn fór að rúlla. Tekið skal fram að Salman er hámenntaður auk þess að hafa einstakan hæfileika til að sundurgreina og útskýra flóknustu hluti þannig að þeir liggi ljóst fyrir; með öðrum orðum afburðakennari. Núorðið situr Salman ekki lengur einn í kompu heima hjá sér og framleiðir efni.



Hann nýtur styrkja úr digrum sjóðum Bill Gates og hefur með sér teymi sérfræðinga sem eru í óðaönn að búa til hugbúnað sem á að umsnúa stærðfræðikennslu í Bandaríkjunum.

HÆFILEGUR SKAMMTUR TIL AÐ HALDA ATHYGLI

Salman sést aldrei sjálfur í myndskaiðunum sínum. Skýringuna segir hann vera að þá sé hætta á að athygli áhorfenda fari frá efninu. Hann notar rafrænt teikniborð, handskrifar útskýringarnar, notar liti markvisst og talar með. Tal hans er skýrt, skorinort og blæbrigðaríkt. Myndböndin eru um það bil korters löng og eitt atríði er tekið fyrir í einu sem er hæfilegur skammtur til að halda athygli meðalmanns. Aðalkostur aðferðarinnar er að nemendurnir geta horft á myndskaiðin eins oft og þeir þurfa til að skilja viðkomandi atríði og þau eru aðgengileg hvar og hvenær sem er. Ef þeir skilja alls ekki leita þeir til kennara síns í skólanum.

KENNARAR ALLTAF Í LYKILHLUTVERKI

Salman var spurður að því hvort nú væri endanlega búið að gera kennara óþarfa. Hann svaraði að bragði að því væri þveröfugt farið. Hlutverk kennarans er algert lykilhlutverk en starfið í kennslustofunni snýst nú um að greiða götu nemendanna á þeirra eigin forsendum. Ekki er gert ráð fyrir því að allir séu á sama stað í náminu á hverjum tíma en Salman og félagar hafa þegar hannað stjórnborð í tölvu sem gerir kennurum kleift að fylgjast með hvar hver og einn nemandi er staddur. Einfalt litakerfi sýnir hvaða nemendur eru á réttu róli, hverjir eru komnir lengra og hverjir eru strandaðir. Kennarinn getur því einbeitt sér að síðastnefnda hópnum.



DRAUMAFLIPPIÐ GERIST EKKI Á SVIPSTUNDU

Fleiri og fleiri íslenskir kennarar í grunn- og framhaldsskólum hafa vent kennslu sinni. Áslaug Högnadóttir í Fjölbrotaskólanum í Garðabæ og Þórhalla Arnadóttir í Verzlunarskóla Íslands, báðar raungreinakennarar, lýstu reynslu sinni af vendikennslu á málþingi náttúrufræðikennara síðastliðið vor. Í máli þeirra kom fram að hin hefðbundna sýn væri að kennarinn væri miðpunktur kennslustofunnar, stæði upp við töflu og talaði nánast allan tímann. Kennslan miðaðist við meðal-nemendur, og þeir sem væru komnir lengra eða skemmra létu sér leiðast.

„Vendikennsla er virkilega skemmtileg kennsluáðferð þar sem nemendur verða virkari en áður og því góð viðbót við aðrar aðferðir,“ sögðu Þórhalla og Áslaug og hvöttu fólk til að prófa. Fyrstu vikurnar eru nemendur dálítið utangátta og margir horfa ekki á myndböndin þó þeim sé sett það fyrir því þeir eru vanir að fá allt á silfurfati í tímum. Margir átta sig þó fljótt á því að þeir þurfa að leggja sig fram við að tileinka sér námsefnið. „Draumaflippið gerist heldur ekki á svipstundu. Það tekur nokkrar annir fyrir kennara að komast almennilega í flippgirinn og nýta kennslutímana sem best.“

HVETJA ALLA TIL AÐ FLIPPA

Áslaug og Þórhalla segja að nemendur læri fljótt að það sést strax í hóp-vinnunni ef þeir mæta óundirbúnir í tíma. Þeir sem eru nokkurn veginn með á nótunum, sem í flestum tilfellum er meiri hluti nemenda, geta leyst verkefni í tímum og hjálpast að. Þeir sem þurfa enga hjálp og hafa náð atriðinu

geta farið lengra og þeir sem þurfa meira reyna líka jafningjafræðslu, en dugi hún ekki kemur kennarinn til aðstoðar.

„Að ná til þeirra sem vilja bara láta mata sig og gera lítið sjálfir er álíka erfitt með flippaðri kennslu og hefðbundinni aðferð. Tilfinning okkar er sú að aðferðin skili svipuðum námsárangri, en ástæða er til að rannsaka það þegar meiri reynsla er komin á að flippa kennslunni. En tímarnir verða skemmtilegri, því nemendur eru að jafnaði virkari en áður og meira svigrúm myndast fyrir verklegar tilraunir og til að sinna einstökum nemendum.“

Við hvetjum alla til að stökkva út í djúpu laugina, en það var þannig sem við byrjuðum. Til að byrja með má nýta myndbönd sem eru þegar til á netinu og síðan gera sín eigin. Þetta er virkilega skemmtileg kennsluáðferð sem virkjar nemendur. Verið óhrædd að prófa – þetta er svo gaman“.

FRÁBÆRT SKREF FRÁ MÖTUN Í ÁTT AÐ SJÁLF- STÆÐI NEMENDA

Þetta hófst allt með stærðfræði og þeir sem mæla með aðferðinni kenna flestir stærðfræði eða raungreinar. En hvað með fög eins og móðurmálið eða nám í erlendum tungumálum? Á leitarforriti Youtube fannst ekkert um kennslu erlendra mála en þegar orðinu setningafræði var slegið upp komu upp mörg myndskreið. Bjarni Benedikt Björnsson, kennari í MH, og Ragnar Þór Pétursson, kennari í Norðlingaskóla, hafa birt efni þar sem ýmis hugtök íslenskrar

málfræði eru útskýrð. Bjarni sést í mynd og heldur fyrirlestra en Ragnar Þór notar aðferð Kahns. Skólavardan spurði Ragnar Þór hvort vendikennsla hentaði í öllum fögum og hann fullyrkti að svo væri. „Aðferðin byggist á annarri hlutverkaskiptingu kennara og nemanda en algengust er. Kennarinn er þá varða frekar en uppflettirit. Hann kemur í veg fyrir að nemandinn rambi of langt af leið og notar meiri tíma og orku í að meta námsaðferðir nemandans en að mata hann á upplýsingum. Slík kennsla er framför frá hefðbundnu ítrodslunámi, en engan veginn endapunktur,“ sagði Ragnar Þór. „Fyrir mér er vendikennsla frábært fyrsta skref frá mötun í átt að sjálfstæði nemenda. Það er því ágætt upp að því marki sem fyrsta þrep í stiga er ágætt. Það merkir ekki að maður vilji dvelja þar langdvölum. Stefnan er sett annað og lengra, en það er ágætt að nota þessa aðferð í bland við annað.“

Og Ragnar Þór bætti við: „Vendikennsla fylgja ýmis vandræði. Kennarar eru t.d. of gjarnir á að halda röngum hluta ábyrgðarinnar hjá sér og bregðast við því að nemendur mæti óundirbúnir með því að endurtaka námsefnið í tím-anum, þvert á það sem til var stofnað. Ég hef gert þau mistök sjálfur. Annars gengur skiptingin úr hefðbundinni töflukennslu í aðrar aðferðir mjög vel og án stórvandræðna.“

Texti: Guðlaug Guðmundsdóttir.

Heimild: www.khanacademy.org

Lestur er leikur einn á Reykjanesi



Nemandi í Gefnarborg í Garði æfir sig í lestri.

Markviss og meðvituð áhersla á læsi í leikskólum á Suðurnesjum skilar nú þegar árangri. Kennarar í grunnskólunum taka eftir því að börnin koma mun betur undirbúin til þeirra.

Grunnskólanemendur á Reykjanesi voru fyrir nokkrum árum undir landsmeðaltali í samræmdum prófum í íslensku og skimunarpróf í skólunum bentu einnig til þess að aðgerða væri þörf. Nú voru góð ráð dýr en skólamenn suður með sjó sáu þarna sóknarfæri. Kennarar og skólayfirvöld í sveitarfélögunum ákváðu að taka höndum saman, breyta verklagi í skólunum og bæta lestrarfærni nemenda sinna. Nokkrir skólanna í Reykjanesbæ, Garði og Sandgerði höfðu þegar leitað leiða til að efla lestrarkennslu en fyrir tveimur árum fór verkefnið formlega af stað.

BREYTT VINNULAG, HUGSAÐ TIL FRAM TÍÐAR

Gyða Arnmundsdóttir kennsluráðgjafi og Gylfi Jón Gylfason, fræðslustjóri í Reykjanesbæ, voru beðin að gera lesendum Skólavörðunnar grein fyrir lestrarverkefninu. Þau tóku skýrt fram að ekki væri um átak að ræða, þetta væri breytt vinnulag og hugsað til framtíðar. „Skólastefna sveitarfélaga endurspeglar ástandið sem ríkir í samfélaginu á hverjum tíma og er viðbragð við því,“ sagði Gylfi Jón. „Verkefni okkar eftir efnahagshrunið var því að mennta börnin okkar út úr kreppunni. Við viljum gefa þeim tækifæri til að nýta hæfileika sína til hins ýtrasta og teljum okkur gera það best með því að bæta lestrarkunnáttu þeirra.“

NIÐURSTÖÐUR NÝTTAR TIL AÐ LÆRA AF ÞEIM

Gylfi Jón sagði að að skólastjórar í öllum leik- og grunnskólum hefðu byrjað á því að setja skólum sínum sameiginleg markmið. Síðan hefðu skólarnir, allt frá leikskóla upp í tíunda bekk, sett sér lestrarstefnu hver með sínu lagi. Miðlæga samstarfið fólst einkum í því að halda utan um gögn og miðla reynslu og þekkingu hratt og vel á milli skóla. Niðurstöður skimunarprófa í hverjum skóla eru lagðar fram og rýnt í niðurstöðurnar með það að markmiði að grípa inn í þar sem þess er þörf. Á sameiginlegum fundum er farið yfir hvernig hver og einn skóli kemur út. Þeim upplýsingum er þó haldið innan hópsins en allir skólastjórnendur fylgjast grannt með hvernig gengur og nýta gögnin til að bæta það sem bæta þarf.

FAGMENN OG FOR-ELDRAR VINNA SAMAN

Miðlægar skimanir frá fræðslustofunni eru lagðar fyrir í öllum skólum en hlutverk þeirra er einkum að leita

Sóknaráætlun í lestrarkennslu skilar góðum árangri.

uppi þá nemendur sem líklegir eru til að eiga við lestraröðugleika að etja. Þegar niðurstöður liggja fyrir funda kennsluráðgjafar með kennurum og greina frá hvar ástæða er að grípa inn í með ákveðnum aðgerðum. Kennarar koma upplýsingunum síðan til foreldra og leiðbeina þeim um úrræði. Gyða og Gylfi Jón lögðu ríka áherslu á að foreldrar hefðu tekið þátt í sóknaráætluninni frá upphafi og væri hlutverk þeirra afar mikilvægt.

SÝNILEGUR ÁRANGUR

Gylfi Jón og Gyða voru spurð hvort einhver aðferð til að kenna lestur hefði reynst betur en aðrar. Þau vitnuðu í kennara sem hafði sagt að öll væru þau að baka piparkökur en ekki eftir sömu uppskrift. „Veldur hver á heldur. Það hefur komið í ljós að allar gagnreyndar aðferðir virka ef rétt er farið með þær.“

Markviss og meðvituð áhersla á læsi í leikskólum á Suðurnesjum skilar nú þegar árangri. Kennarar í grunnskólunum taka eftir því að börnin koma mun betur undirbúin undir nám til þeirra. Einkunnir nemenda í samræmdum prófum á yngsta stigi hafa hækkað miðað við landsmeðaltalið og nemendur á Reykjanesi hafa aldrei staðið sig jafn vel á samræmdum prófum og síðastliðið ár. Gylfi Jón sagði kennara á báðum skólastigum eiga heiður skilinn fyrir hinn góða árangur sem breytt verklag hefur skilað.

Texti og mynd:
Guðlaug Guðmundsdóttir.

Ég er leikskóla- kennari og vinn sérfræðistarf

„Ég er leikskólakennari og vinn sérfræðistarf!“ Þetta eiga leikskólakennarar að segja með stolti en þeir hafa sífellt þurft að berjast fyrir tilveruþéttu sínum. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan árið 1946 þegar Valborg heitin Sigurðardóttir, ásamt fríðu föruneyti, setti á laggirnar skóla sem eingöngu var ætlaður stúlkum sem vildu mennta sig til starfa við dagheimili. Upp úr því breyttist starfsemi dagheimila og auknar kröfur voru gerðar til starfsfólksins. Starf Valborgar gerði það að verkum að til varð fylking vel menntaðra leikskólakennara og veigamiklar breytingar hafa síðan orðið á leikskólastarfi. Hver leikskóli hefur nú sínar áherslur og sérstöðu með það skýra markmið að kenna ungum börnum að takast á við framtíðina.

Það má segja að upp úr níunda áratugnum hafi barátta stéttarinnar farið að bera árangur en með breytingum á lögum um leikskóla árið 1994 var staðfest að leikskólinn væri fyrsta skólastigið. Í kjölfarið varð sú breyting að fóstur varð leikskólakennari og starfsheitið var lögverndað árið 2008. Nám leikskólakennara færðist síðan yfir á háskólastig og nú er gerð sú krafa að leikskólakennarar hafi meistaraþráðu; ljúki þriggja ára grunnnámi og tveggja ára meistaranámi. Viðhorf í samfélaginu hafa breyst en þó heyrast enn raddir sem sjá ekki tilganginn í því að mennta fólk til að „passa“ börn.

Arna H. Jónsdóttir lýsir því hvaða þættir þurfi að vera til staðar til að hópur geti kallað sig sérfræðihóp í grein sinni „Fagþróun leikskólakennara“ frá 2005. Starfið verður að vera skuldbundið, þ.e.a.s. fullt starf, og byggjast á formlegri menntun á háskólastigi. Hópurinn þarf að mynda með sér lands-

amtök, helstu starfsgreinar að vera skilgreindar og aðgreindar frá störfum þeirra sem vinna tengd eða sambærileg störf og hópurinn þarf að setja sér siðarreglur. Fagþróun hópsins þarf að fela í sér að gæði þjónustunnar aukist og starfssviðið öðlist opinbera skilgreiningu sem felur í sér lögverndun. Samkvæmt þessu eru leikskólakennarar í dag fullgildir sérfræðingar.

Þrátt fyrir að hafa náð svona langt hefur launabaráttan gengið hægt, en við erum þó nær samanburðarstéttum okkar nú en áður. Í grein Örnú kemur einnig fram að árið 2005 hafi leikskólakennarar vænst þess að með lögverndun starfsheitisins yrðu starfslýsingin og starfsréttindin skýrari. Því miður hefur það ekki reynst svo. Orðræðan innan stéttarinnar hefur að vísu breyst en ennþá er til staðar óöryggi um hlutverk og skyldur þeirra sem starfa innan leikskólans þrátt fyrir að fagmennska starfsins hafi tekið stökk fram á við.

Það er mín skoðun að nú sé kominn tími til að skoða og skerpa starfslýsingu leikskólakennara. Ástæðan er sú að nú styttest í að háskólarnir útskrifi fyrstu leikskólakennarana með meistaraþráðu. Það hefur óhjákvæmilega breytingar í för með sér og þá gengur ekki lengur að ófaglærðir geti gengið í störf okkar.

Í mörgum löndum Evrópu er starf leikskólakennara vandlega skilgreint sem sá tími sem hann ver með börnum inni á deild og sá tími sem hann er utan deildar. Í grunnskólum landsins er kennsluviðvera skilgreind sem sá tími sem kennarinn er við kennslu. Þegar ég byrjaði í náminu árið 2002 voru töluverðar umræður, bæði á meðal leikskólakennara og ófaglærða starfsfólks-



Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir.

ins (sem ég var hluti af þá), um hvert hlutverk ófaglærða starfsfólksins yrði ef skilgreining kæmi á starfi leikskólakennara. Var þá nefnt hvort ófaglærða starfsfólkið ætti eingöngu að sjá um að snýta, skeina og sópa? Ég held ekki! En þessari spurningu þarf að svara.

Boltinn er núna hjá okkur leikskólakennurum og næsti leikur í baráttu okkar er að vera trúir brautryðjendum sem leiddu okkur hingað. Það er kominn tími til að leikskólakennarar hugsi og upphefji fagmanninn í sér. Með fullri virðingu fyrir því góða starfi sem ófaglærðir vinna þá snýst barátta okkar ekki um þá, heldur okkur! Ef leikskólakennarastarfið festist enn betur í sessi og kjörin batna verður það örugglega hvatning fyrir ófaglærða að fara í nám og öðlast í réttindi. Þörf er á breytingum og orð eru til alls fyrst.

Texti: Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir.

Heimild: Arna H. Jónsdóttir. (2008). „Fagþróun leikskólakennara“. Í *Kynjamyndir í skólastarfi*, bls. 125-149. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Greinin er byggð á samnefndu erindi Friðbjargar sem haldið var á ársfundi FL í vor sl.

Ungt og efnilegt fólk mun flykkjast í kennaranám ef...



Íslenskir kennarar sækja sér menntun í Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri eða Listaháskóla Íslands. Menntunin býr kennaraefnin undir sérfræðistarf og samanstendur af þriggja ára grunnmenntun sem lýkur með bakkalárgráðu, þá framhaldsmenntun sem lýkur með meistaraþáttum og að lokum starfsþjálfun til að öðlast réttindi til kennslu í leik-, grunn- eða framhaldsskóla. Lög um fimm ára nám kennara á öllum skólastigum voru samþykkt frá Alþingi árið 2008.

Sumir telja að rangt hafi verið að lengja allt kennaranám á Íslandi í fimm ár. Þeir grípa til útreikninga til að sýna fram á óhagkvæmni kennaranámsins og benda á að aðsókn í kennaranám hafi hrúnið og arðsemin sé ófullnægjandi.

EITT FLÓKNASTA STARF SEM TIL ER

Lenging kennaranámsins var hins vegar nauðsynleg. Helstu rökin fyrir því eru að kennarastarfið er í hópi þeirra starfa sem verða sífellt flóknari. Viðfangsefni kennara nú til dags eru margslungin og krefjandi og mikil pressa er á þá frá nemendum, foreldrum, vinnuveitendum og samfélaginu öllu. Kröfur um staðgóða fagþekkingu og hæfni á sviðum eins og upplýsingatækni, samskiptatækni og hópstjórnun aukast sífellt. Auk þess eiga kennarar að kunna skil á sértækum vandamálum sem nemendur eiga við að etja og geta verið þeim fjötur um fót í námi. Þess vegna er nauðsynlegt að undirbúa kennara vel til að takast á við starf sitt. Undirstöðugóð menntun er

lykillinn að því, líkt og að öðrum samþættingum störfum.

LÁG LAUN OG NEIKVÆÐ UMRÆÐA UM SKEMMTILEGT, GEFANDI OG FJÖLBREYTT STARF

Aðsókn í kennaranám dróst saman eftir að lengingin öðlaðist gildi. Í ár hafa 160 nemendur skráð sig til grunnskólakennaranáms við kennaradeild HÍ, sem er fækkun upp á 31,6% samanborið við 234 skráningar árið 2010. Fjölgun hefur orðið í innritun í leikskólakennaranám eftir afturkipp 2011 og 2012, þar sem 81 sóttu um í vor en 89 árið 2009. Það kom ekki á óvart að drægi úr aðsókn í námið við lenginguna enda alþekkt að þegar breytingar af þessu tagi liggja fyrir nota sumir tækifærið til að ná sér í réttindin á meðan styttri tíminn er ennþá í gildi. Anna Kristín Sigurðardóttir, deildarforseti kennaradeildar HÍ, sagði í viðtali að lenging námsins útskýrði ekki fækkunina nema að hluta til, enda hafi samdrátturinn hafist áður en lengingunni var komið á. Hún telur lág laun stéttarinnar hafa mikil áhrif og algjört forgangsatríði sé að bæta þau. Hún telur að ástæðurnar gætu átt sér dýpri rætur í samfélaginu, ef marka megi neikvæða umræðu um þetta skemmtilega, gefandi og fjölbreytta starf sem kennarastarfið er.

VIÐHORF MARGRA KENNARA TIL STARFSINS AFAR JÁKVÆTT

Ótrúlega margt spennandi á sér stað í skólum hérlendis og heim allan. Mörg spennandi verkefni bíða vel mennt-

aðra kennara, hvort sem þeir eru ungir og óreyndir eða reynsluboltar. Þetta blasir við á málþingum og ráðstefnum sem kennarar halda. Starfsvettvangurinn er einstaklega lifandi og spennandi og þegar vel tekst til við úrlausnarefni er sigurinn sætur fyrir alla viðkomandi. Þetta kemur greinilega fram í Vikupóstum kennara á vef Félags framhaldsskólakennara. Margir höfundanna segja það mikla gæfu að fá að vera í þessu skemmtilega starfi. Þeir segja t.d.: „Ég hef átt því láni að fagna að kenna ensku og heimspeki í framhaldsskóla...“ og „Mér finnst nærandi að umgangast nemendur og finnst starf mitt mikilvægt fyrir samfélagið allt.“ Könnun sem var lögð fyrir karlkennara í leik-, grunn og framhaldsskólum nú á vormánuðum sýnir að rúm 60% svarenda telja sig geta mælt með starfinu og segja það gefandi, skapandi, fjölbreytt og ögrandi. Þeir telja það jafnframt krefjandi og vinnuálag mikið, en kennaramenntunina vera fjölbreytta og geta nýst víða.

ÞEKKINGARLEIT ER EINUNGIS HLUTI AF NÚTÍMAMENNTUN

Skólastarf um allan heim gengur nú gegnum örar breytingar sem erfitt er að henda reiður á. Hugtakið menntun hefur aðra merkingu í dag en fyrir fáum áratugum. Þeir sem hafa slitið barnsskónum lærðu staðreyndir í skóla og gengu til prófs til að skrá þekkingaratriði, en nú eru aðrir tímar. Samfélög nútímans eru tækni- og upplýsingavædd. Fjórðungur starfa í heiminum árið 2010 var ekki til árið 2004.



Kennaranemar á Menntavísindasviði HÍ.

Börn og unglingar nútímans menntast til að vinna störf sem ekki hafa enn verið búin til, með tækni sem enn hefur ekki verið fundin upp til að leysa vandamál sem við vitum ekki enn að séu vandamál. Nútímamenntun felst í því að kunna að finna þekkingartriðin og meta hvort upplýsingaveitan sé trúverðug. Hún felst meðal annars í því að kunna að vinna í hópi og draga saman þekkingu til að finna lausnir á viðfangsefnum, skapa og kunna á verkfæri sem hæfa viðfangsefnum.

FAGLEGT OG KJARALEGT VANMAT

Samanburðartölur frá OECD sýna að laun íslenskra kennara eru mun lægri en í samanburðarlöndunum. Í Finnlandi getur kennari í efri bekkjum grunnskóla vænst þess að fá laun sem eru um 124% af landsframleiðslu á mann og meðaltalið í OECD-löndunum er 126%. Sambærileg tala fyrir kennara á Íslandi er 84%. Þessar tölur endurspeglar muninn á viðhorfi þjóðanna til menntunar og starfsaðstæðna kennara.

Þeir sem gagnrýna lengingu kennaranáms vanmeta gildi kennarastarfsins bæði faglega og kjaralega. Eitt af veigamestu verkefnum samfélags sem byggir á menntun og öfluglu skólakerfi er að hækka laun kennara og bæta starfskjör þeirra. Það er engum vafa undirorpið að þegar launakjör kennara verða samkeppnishæf og kennarastarfið nýtur þeirrar virðingar sem því ber mun ungt og efnilegt fólk flykkjast í kennaranám.

Texti: Guðlaug Guðmundsdóttir.
Myndir: Jón Svavarsson.



Við lok formlegs náms verður nýtt upphaf

Jóhanna Einarsdóttir, prófessor í menntunarfræði við Háskóla Íslands, tók við embætti forseta Menntavísindasviðs HÍ af Jóni Torfa Jónassyni í sumar. Hún lauk doktorsprófi í menntunarfræðum ungra barna árið 2000 frá háskólanum í Illinois í Bandaríkjunum, M.Ed. námi 1977 og BS-prófi 1976 frá sama skóla. Hún hefur víðtæka reynslu af íslensku skólasterfi og er með leyfisbréf til að kenna á öllum skólastigum.

Jóhanna er einn stofnenda Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) sem er í samstarfi við Kennarasamband Íslands, Reykjavíkurborg og Umboðsmann barna. Hún hefur verið virk í rannsóknum í íslenskum leik- og grunnskólum og verið þátttakandi í innlendu og alþjóðlegu rannsóknasamstarfi um árabíl. Hún situr í stjórn virtustu samtaka á sínu fræðasviði í heiminum; European Early Childhood Education Research Association.

Skólasterf á Íslandi stendur nú á miklum tímamótum og stórar spurningar um málefni kennaramenntunar brenna á kennurum og öðrum sem láta sig menntamál varða. Jóhanna var því spurð um nýtt fyrirkomulag kennaramenntunar, starfsþróun og hvaða stóru verkefni bíði hennar í nýju starfi.

ÞRÓUN KENNARASTARFSINS

„Ég byrjaði að kenna á áttunda áratugnum,“ sagði Jóhanna þegar hún var spurð að því hvort hún teldi að starf

kennara á 21. öldinni hefði breyst frá því sem var. „Ýmislegt hefur breyst síðan þá. Hugsanlega eru gerðar aðrar og meiri kröfur til kennara nú og foreldrar eru margir orðnir meðvitaðri um mikilvægi menntunar barna sinna. En kennarar þá, eins og nú, lögðu sig fram um að sinna nemendum sínum og mennta þá. Þeir prófuðu alls konar kennsluáferðir og reyndu á fjölbreyttan hátt að mæta ólíkum nemendum. Ég kenndi í Æfingaskólanum sem nú heitir Háteigsskóli. Þar fór fram alls konar tilraunakennsla, reynt var að kenna saman árgöngum, prófa að kenna í opnu kerfi og samþætta listgreinar og sérkennslu svo eitthvað sé nefnt.

Örar samfélagsbreytingar og tækniþróun hafa haft áhrif á störf kennara og ný þekking á námi og menntun barna hefur komið fram á undanförunum áratugum. Sú þekking hefur opnað augu fólks enn frekar fyrir mikilvægi þess að kennarar hlusti á raddir barna og beini sjónum að sterku hliðum þeirra og fjölbreytni nemendahópsins. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna hefur áhrif á störf kennara. Þar er litið á börn sem borgara með eigin réttindi en ekki eingöngu sem borgara framtíðarinnar og litið á rétt barna til að taka þátt og tjá skoðanir sínar sem sjálfsögð mannréttindi. Þetta kallar á lýðræðisleg vinnubrögð í skólakerfinu, að kennarar hlusti á börnin og hafi þau með í ákvörðunum um líf þeirra og nám.“

VIÐURKENNING Á FAGMENNSKU STÉTTARINNAR

Lög um breytingu á námi kennara voru sett árið 2008. Nú skulu kennarar á öllum skólastigum nema fræðin í fimm ár, ljúka þriggja ára grunnmenntun og tveggja ára framhaldsmenntun. Margir, einkum þeir sem standa utan skólasamfélagsins, gagnrýna lenginguna og telja hana óþarfa. Hvað vilt þú segja um lengingu kennaranámsins? Af hverju þurfa t.d. leikskólakennarar að vera með fimm ára nám að baki? „Leikskólakennarar mennta yngstu börnin og það er ekki síður mikilvægt að þeir séu vel menntaðir en aðrir kennarar. En ég skil þó þessi sjónarmið. Það eru ekki nema 15 ár síðan leikskólakennaranám var þriggja ára framhaldsskólanám og var mjög eftirsótt. Fósturskólinn sameinaðist Kennaraháskólanum 1998 og þá fluttist námið yfir á háskólastig. Fyrir leikskólakennaranámið var sameiningin ótrúleg breyting sem fólst einkum í viðurkenningu á fagmennsku stéttarinnar sem lyfti faginu upp á hærra plan. Rannsóknir urðu einnig ríkari þáttur í náminu, en fram að þeim tíma höfðu ekki að neinu marki verið til íslenskar rannsóknir á leikskólasterfi. Lengingin núna er einungis eðlilegt framhald á þessu ferli.

Grunnskólakennaranámið hefur verið þriggja ára háskólanám í fjóra áratugi, en lenging þess í fimm ár hefur í för



Viðtal við
Dr. Jóhönnu Einarsdóttur,
nýjan forseta
Menntavísindasviðs
Háskóla Íslands.

*Jóhanna Einarsdóttir, forseti
Menntavísindasviðs HI.*

með sér aukin tækifæri. Kennarastarfið er sífellt að verða flóknara og viðfangsefnin eru margslungin. Það er því nauðsynlegt að námið sé í sífelltri endurskoðun. Með lengingunni gefst tækifæri til að fara dýpra í fræðilega þætti og leggja áherslu á markvissari tengsl við vettvang og skólastarf. Í meistaranáminu fer fram meiri sérhæfing og kennaranemar þjálfast í að lesa rannsóknir á gagnrýninn hátt og fá tækifæri til að taka þátt í rannsóknum.

Oft fylgja þó erfiðir tímar í kjölfar breytinga eins og lenging námsins er. Nemendum fækkar til að byrja með, en síðan kemst jafnvægi á aftur. Við bjóðum upp á mjög spennandi nám eftir og ég er sannfærð um að þeir kennaranemar sem fara í gengum það munu skila sér sem frábærir fagmenn inn í skólana.“

MIKILVÆGT AÐ HALDA Á LOFTI ÞVÍ SEM VEL ER GERT

„Kennarastarfið er viðamikilið og flókið og samfélagið gerir auknar kröfur til kennara. Það er hins vegar áhyggjuefni að kröfur og ábyrgð hafa ekki haldist í hendur við virðingu og laun kennara. Þar þarf að verða breyting á. Samfélagið í heild þarf að taka höndum saman um að hefja þetta starf til vegs og virðingar, börnum þessa lands til hagsbóta. Þar þurfum við sem stöndum að kennaramenntun í landinu að

vera í fararbroddi í samvinnu við Kennarasambandið, ríki og sveitarfélög. Við þurfum að vera vakandi og halda á lofti því sem vel er gert í skólum landsins.“

NIÐURSTÖÐUR RANNSÓKNA LEIÐANDI Í STEFNUMÓTUN

Auk langrar kennslureynslu hefur Jóhanna verið afkastamikill fræðimaður og rannsakandi, stýrt stórum rannsóknarverkefnum í skólum landsins og tekið þátt í viðamiklu erlendu rannsóknarsamstarfi. Hún leggur mikla áherslu á þýðingu rannsókna fyrir menntakerfið. „Niðurstöður þessara rannsókna skipta máli í menntapolítíkinni. Með því að rannsaka okkar eigin veruleika getum við bætt skólastarfið og haft áhrif á stefnumótun.“

Nú færast í aukana að kennarar geri starfendarannsóknir. Þær felast í því að sérhæfður starfsmaður rannsakar eigin vinnu með vísindalegum aðferðum. Tilgangurinn er að breyta og bæta sig og vinnuaðferðir sínar. Afurðin er skýrsla sem aðrir geta líka notið góðs af. „Ég hef fulla trú á að það sé góð aðferð að vinna rannsóknir í samstarfi við kennara. Þær starfendarannsóknir sem ég hef komið að á undanförunum árum hafa verið samstarfsrannsóknir kennara á vettvangi og háskóla. Ég tel það vera ákjósanlega leið. Oft er erfitt fyrir kennara að vinna að rannsóknum meðfram kennslu þar sem skráningin

er svo fyrirferðarmikil og lítið svigrúm fyrir hana í daglegu starfi. Þess vegna er samstarfið við rannsakendurna í Háskólanum svo mikilvægt og gerir vinnuna markvissari. Fyrir háskólann og kennaranema eru starfendarannsóknir gríðarlega mikilvægar, ekki síður en fyrir skólana og kennarana sem taka þátt. Kennaraneminn verður hluti af rannsókninni og fær dýrmæta reynslu til að taka með sér út í starfið. Með þessu móti verður til suðupottur sem allir hafa ávinning af.“

SÍMENNTUN KENNARA ER AFAR MIKILVÆG

Jóhanna leggur þunga áherslu á að símenntun kennara sé gríðarlega mikilvæg. „Ég vil leggja mikla áherslu á að við erum ekki að mennta kennara í eitt skipti fyrir öll. Lokformlega námsins eru í raun og veru nýtt upphaf. Símenntun er mikilvægur hluti af starfsvettvangi kennara og starfsþróun þeirra er mjög mikilvæg fyrir gæði skólastarfs. Hér áður var fjöldi símenntunarnámskeiða fyrir grunnskólakennara í boði á sumrin og á þau streymdu kennarar víðs vegar að af landinu. Ég man að maður hlakkaði til að hitta kollegana, skiptast á skoðunum og deila reynslu. Ég vil gjarnan leggja mitt af mörkum til að stuðla að auknu framboði á fjölbreyttri starfsþróun fyrir kennara í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Auk sérstakra símenntunarnámskeiða þurfa kennarar

Ég legg áherslu á forystuhlutverk okkar í eflingu menntarannsóknna, sem eiga að vera grunnurinn í kennaranáminu og móta stefnu og starfshætti í skólum.

að eiga kost á að bæta við sig námi og geta gert það með starfi. Það þarf að auðvelda skólum og kennurum að taka þátt í þróunarverkefnum og starfendarannsóknum.“

BRÝN VERKEFNI NÝS FORSETA MENNTAVÍSINDASVIÐS

„Skólakerfið er kerfi sem erfitt er að breyta og þar er sterk tilhneiging til að viðhalda ríkjandi ástandi. Rannsóknir hafa sýnt fram á að þegar ungir kennarar koma til starfa þá aðlagast þeir fljótt þeirri menningu sem fyrir er í skólanum og gera eins og þeir sem þar eru fyrir. Kennarar framtíðarinnar þurfa hins vegar að vera fólk sem er tilbúið til að takast á við breytingar. Þeir þurfa að vera vakandi fyrir tækninýjungum og samfélagsbreytingum og um leið gagnrýnir á þau fjölmörgu tilboð og áreiti sem börn og skólar standa frammi fyrir. Kennaranámið þarf því að vera vettvangur fyrir ígrundun, gagnrýni og umræður.

Nýs forseta Menntavísindasviðs bíða ærin verkefni. Sviðið menntar nú, auk kennara á öllum skólastigum, uppeldisfræðinga, þroskaþjálfra, íþróttfræðinga og tólstundafræðinga. Við erum jafnframt með alþjóðlega námsbraut í menntunarfræðum. Ég legg áherslu á forystuhlutverk okkar í eflingu menntarannsóknna, sem eiga að vera grunnurinn í kennaranáminu og móta stefnu og starfshætti í skólum. Við þurfum að vera í sterkum tengslum við starfsvettvanginn og byggja upp vettvangsnám sem kallast á við fræðilegan hluta námsins. Við

þurfum að efla meistaranám fyrir starfandi kennara og gera það áhugavert fyrir þá. Við þurfum líka að byggja upp tengsl við samfélagið og huga að því hvernig við getum komið til móts við þarfir almennings fyrir símenntun og námsframboð; sérstaklega foreldra, aðstandendur og börn. Við þurfum að

taka virkan þátt í samfélagslegri umræðu um menntun, uppeldi og þjálfun og hafa þannig áhrif og vekja athygli á þeim stéttum sem Menntavísindasvið hefur á sinni könnu.“

Texti: Guðlaug Guðmundsdóttir.

Mynd: Jón Svavarsson

skolavefurinn.is
Virkjum foreldra og aðstoðum við námið!
Heimilisáskrift **1490 kr.**

hlusta.is
Hlustunaræfingar fyrir mið- og efstastig!
Þjálfum heyrn og eftirtekt! Heimilisáskrift **1190 kr.**

Framhaldsskóli.is
Styðjum við námið! Veitum nýja möguleika!
Heimilisáskrift **1590 kr.**

LESTU.IS
Gerum lestur og texta aðgengilegir!
Heimilisáskrift **1290 kr.**

Tölur og stærðir

Í leik og starfi

Höfundur bókarinnar Kristín Arnardóttir er sérkennari og á að baki langan starfsferil í sérskóla, leikskóla og almennum grunnskólum. Þróunarsjóður grunnskóla og Þróunarsjóður námsgagna styrktu ritun og útgáfu þessarar bókar. Kristín er einnig höfundur **Ég get lesið**, handbókar um lestrarkennslu fyrir leik- og grunnskóla.

Í þessari bók er fjallað ítarlega um skipulag kennslunnar, samverustundina, hópverkefni og einstaklingsverkefni sem þroska skilning barna á stærðar- og fjöldahugtökum, tímahugtökum, uppbyggingu talnakerfisins og einföldum reikniáðgerðum. Nám og leikur er spennið saman á lipran og aðgengilegan hátt. Einnig er í bókinni kafli um myndræna stundatöflu og þætti sem lúta að umgjörð kennslunnar.

Í leikskóla

Margar hugmyndanna í bókinni eru sniðnar fyrir leikskóla í samverustundum og hópstarfi. Bókin er hvalreki á fjörur þeirra sem vilja efla skilning og áhuga barna strax frá unga aldri.

Í fyrstu bekkjum grunnskóla

Bókin er til viðbótar almennu námsefni í stærðfræði og er ætluð kennurum sem vilja dýpka skilning og efla áhuga barna á stærðfræði með leik og léttum æfingum.

Í sérkennslu, sérdeildum og sérskólum

Hugmyndirnar eru spröttar úr sérkennslu og henta því einkar vel nemendum sem þurfa á mikilli endurtekningu að halda og hlutbundna nálgun í stærðfræðinámi.

Heima

Flestar hugmyndir og leiki sem finna má í bókinni geta foreldrar notað heima við í námi og leik með börnum sínum.

Námskeið, fyrirlestrar, kynningarfundir

Kristín Arnardóttir miðlar af reynslu sinni og fjallar um notagildi þeirra hugmynda sem kynntar eru í bókunum „Ég get lesið“ og „Tölur og stærðir“.

Hafðu samband við Kristínu í kriarn@gmail.com



Pantanir á bókum

„Tölur og stærðir“ ásamt námsefninu „Ég get lesið“ má panta í netfanginu steinn@steinn.is

Síminn er 896 68 24. Sjá www.steinn.is



Björgvin Ívar Guðbrandsson.

SKÖÖPUN

og upplýsingatækni í Langholtsskóla

Björgvin Ívar Guðbrandsson, kennari í Langholtsskóla, deilir hér reynslu sinni og samstarfsmanna sinna af notkun upplýsingatækni í daglegri kennslu.

Upplýsingatækni hefur ekki haft fasta tíma í stundatöflu í fimmta til tíunda bekk í Langholtsskóla. Hún hefur hins vegar verið nýtt við lausn verkefna þegar við á og látin renna saman við annað nám. Á sama tíma hefur áhersla verið lögð á fjölbreytni í stafrænni upplýsingavinnslu og að koma upp aðstæðum til stuðnings þeirri viðleitni. Undanfarin ár hefur tækniþróunin verið slík að upplýsingar eru aðgengilegar á mun fjölbreyttara formi en áður. Leiðunum til að taka við upplýsingum og koma þeim frá sér hefur fjölgað og síðast en ekki síst hefur almenningur aðgang að tækni sem gerir kleift að setja upplýsingar fram á fjölbreyttan hátt.

Eitt af stóru viðfangsefnum okkar í skólanum er að stuðla að því að nemendur verði læsir á upplýsingar, og þá

gildir einu á hvaða formi þær eru; texti, hljóð, mynd eða myndskaið. En það er ekki nóg að geta tekið við, því til að ferlið verði heilt er líka nauðsynlegt að vera fær um að tjá sig og koma upplýsingum frá sér.

SAMÞÆTTING VIÐ AÐRAR NÁMSGREINAR

Áherslan á ritun texta hefur í gegnum tíðina verið yfirgnæfandi þegar nemendur hafa átt að miðla þekkingu sinni og upplýsingum. Þessu höfum við reynt að breyta undanfarinn áratug með því að leggja fyrir verkefni þar sem áherslan hefur m.a. verið á að tjá sig gegnum hreyfimyndir, kvikmyndir, tónlist og fleira. Tækniframfarir hafa unnið með okkur að því leyti að tæknin hefur orðið notendavænni með hverju árinu. Áherslurnar hafa því færst frá

tækninni sem slíkri til þess hvernig maður geti á markvissan hátt tjáð sig í gegnum miðilinn sem unnið er með. Þannig þjálfum við nemendur okkar í listgreinum eins og tónlist, kvikmynda- og teiknimyndagerð og nýtum nýjustu tækni. Við sköpum okkur tíma og rými í skólastarfinu með því að samþætta þessa vinnu við aðrar námsgreinar. Flest verkefni eru unnið í hópvinnu þannig að áhersla á samstarf er mikið.

TÆKNINNI FLEYGIR FRAM OG GÆÐIN AUKAST

Kvikmyndaformið hefur verið þrautreynt á síðustu árum í Langholtsskóla. Í byrjun þótti gott ef náðist að taka upp eftir handriti og skeyta upptökum saman þannig að úr yrði nokkuð skýr frásögn. Þá fór mesta púðrið í að láta mismunandi tól og tæki virka saman og mun meiri tími fór í eftirvinnslu en upptök. Eftir því sem tækninni hefur fleygt fram hefur gefist meiri tími til að undirbúa tölur, gæta að myndbyggingu, myndmáli og leik. Í eftirvinnslunni er áhersla á að flæðið í klippingunni sé eðlilegt og frásögnin skýr og studd af umhverfishljóðum og tónlist, oft og tíðum frumsaminni.

Ein af lykiláherslunum í Langholtsskóla er að fylgjast stöðugt með því hvernig upplýsingatæknin getur hjálpað okkur að leysa verkefni. Tækniþróunin er í flestum tilfellum þannig að hún gerir okkur það auðveldara í dag en í gær að leysa verkefni sem við stöndum frammi fyrir. Það þarf stöðugt að fylgjast með því sem er að gerast. Þetta lýtur ekki bara að því að fá ný tæki heldur líka að kanna hvort eitthvað nýtt komi fram sem auðveldar vinnuna.

Við leggjum áherslu á að allir fái að spreyta sig við fjölbreytta miðlun upplýsinga. Kvikmyndaformið er nýtt á mjög margvíslegan hátt, svo sem í hreyfimyndagerð og hefðbundinni kvikmyndagerð, í öllum árgöngum skólans.



Eftir því sem tækninni fer fram gefst meiri tími til að undirbúa tökur.

NEMANDINN TENGIR VIÐ EIGIN REYNSLU OG MIÐLAR Á SINN HÁTT

Þessi verkefnatengda nálgun felur einnig í sér áherslu á sköpun. Oft setjum við nokkuð stífan ramma um skapandi verkefni þegar við leggjum þau fyrir. Þetta gerum við af ýmsum ástæðum, s.s. til að þau henti því efni sem er tekið fyrir í námsgreininni eða ef leggja skal áherslu á að þjálfra ákveðna verkfærni. Þannig gætum við lagt fyrir verkefni um ákveðið hugtak í samfélagsfræði sem felst í að allir eigi að nota ákveðið smáforrit til að búa til takt sem hægt er að rappa yfir. Eða að taka kafla úr Íslendingasögu og gera úr honum myndband þar sem nota á fjölbreytt sjónarhorn í upptökum. Það má líka hugsa sér að hafa rammann opnari og gefa kost á að velja á hvaða formi verkefni sé skilað. Við skilgreinum sköpun sem ferlið þegar nemandi nemandi vinnur með hugmynd, hvort sem er sína eigin eða einhverja sem hefur verið sett fyrir. Hann á að tengja hugmyndina við eigin reynslu og miðla henni til annarra á sinn eigin hátt.

ALLIR NEMENDUR SKÓLANS FÁ AÐ SPREYTA SIG

Til að rýma fyrir fjölbreyttri sköpun með stuðningi upplýsingatækninnar er nauðsynlegt að samþætta námsgreinar. Þessi verkefni eru þannig í mörgum tilvikum unnin undir hatti annarra greina sem þegar hafa tíma í stundatöflu. Íslenskan og erlendu tungumálin taka til sín mikið af verkefnum af þessu tagi, en það er einnig auðvelt að finna fóður í þau í náttúrufræði og samfélagsgreinum, svo eitt-hvað sé nefnt. Við leggjum áherslu á

að allir fái að spreyta sig við fjölbreytta miðlun upplýsinga. Kvikmyndaformið er á hverju ári nýtt á mjög margvíslegan hátt, s.s. í hreyfimyndagerð og hefðbundinni kvikmyndagerð, í öllum árgöngum skólans. Stafræn hljóðvinnsla í tónlistarsköpun og kvikmyndum kemur einnig við sögu og boðið er upp á valgreinar, bæði á miðstigi og í unglingadeild, þar sem kafað er í afmarkaðri þætti, s.s. söng, kvikmyndagerð, stafræna ljósmyndavinnslu, rafræna tónlistarsköpun og lagasmíðar.

SKÝRT VERKFERLI AUÐVELDAR MAT

Með því að hafa verkferlið alveg skýrt er hægt að nota það við mat á verkefninu. Það er algengt að setja inn ákveðnar vörður á leiðinni þar sem kennari og nemendur meta það sem komið er áður en lengra er haldið, t.d. eftir að hugmynda- og handritsvinnu hefur verið lokið og áður en framkvæmdir hefjast.

Kennarinn hefur hlutverk verkefnastjóra í þessari vinnu. Hann leggur verkefnið fyrir og setur því tímaramma. Hann leiðir það áfram með því að spyrja spurninga, hjálpa til við að afla upplýsinga og útvega gögn. Hann ber ábyrgð á því að tól og tæki séu til staðar og síðast en ekki síst hjálpar hann nemendum sínum við að leita lausna á þeim úrlausnarefnum sem upp kunna að koma. Kennarinn er ekki uppspretta allra upplýsinga og þarf alls ekki að kunna allt. Hann er hins vegar mikilvægur til skrafs og ráðagerða, hvort heldur verið er að meta það sem fyrir liggur eða feta sig fram á við að lausnum.



Verkefni er lagt fyrir, þá fer fram hugmynda- vinnna eða handritsgerð, að því loknu er verklegi þátturinn undirbúinn og í kjölfarið er hafist handa.

Texti og teikningar: Björgvin Ívar Guðbrandsson.

Mynd: Jón Svavarsson.

Lærum og leikum með hljóðin

- Námsefni í framburði, orðaforða og hljóðkerfisvitund

Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur hefur þróað íslenskt kennslufni fyrir börn, Lærum og leikum með hljóðin þar sem hún nýtir reynslu sína í starfi með börnum. Lærum og leikum með hljóðin samanstendur af bókum, spilum, myndbandsefni, spila-hljóðamottum, límmiðum og fleiru til að læra framburð og orðaforða og efla hljóðkerfisvitund. Efnið er þegar notað í leik- og grunnskólum víða um land. Lærum og leikum með hljóðin er ætlað barnafjölskyldum og fagfólki sem vilja veita börnum forskot í hljóðmyndun og undirbúa þau fyrir lestur. Það er einnig tilvalið fyrir fjölskyldur af erlendum uppruna til að æfa og læra íslensku hljóðin.

RÖÐ HLJÓÐA EINS OG Í MÁLTÖKUNNI

Uppbygging Lærum og leikum með hljóðin tekur mið af því í hvaða röð íslensk börn tileinka sér talhljóðin í máltökunni og því hvernig auðveldast er að kenna þau. Hægt er að byrja skipulega á auðveldum hljóðum sem koma fyrir hjá mjög ungum börnum og halda áfram yfir í þau hljóð sem erfiðara er að segja. Þá má velja það hljóð sem æfa þarf sérstaklega án þess að fylgja röðinni með því að velja táknmynd með vísan í hvert hljóð. „Mmm...segir strákurinn sem fékk ís, Ff...fh... heyrir í reiðu kisunni,“ svo dæmi séu tekin.

TÆKNIN NÝTT Í HLJÓÐALEIKNUM

Það er mikilvægt að fylgjast vel með tækniinni í útgáfu á efni fyrir börn. Rannsóknir á fámennum málsamfélögum, eins og þeim sem tala íslensku, sýna að þau tungumál eiga undir högg að sækja í rafrænum heimi. Bryndís afréð því að vikka útgáfuna og hefur unnið nýtt íslenskt smáforrit fyrir iPad sem byggir á sömu aðferðafræði og allt hennar námsefni. Börnin læra



þannig hljóð íslensku bókstafanna og fingrastafrófið um leið og lestrarferlið er undirbúið. Í smáforritinu má taka upp og hlusta á hvernig barnið segir orðin. Hægt er að skrá nafn, aldur og kyn þess sem æfir og vista hversu langt barnið er komið í hljóðunum. Þannig er hægt að fylgjast með því hvernig barninu miðar í hljóðanáminu og æfa jafnvel betur þau hljóð sem barnið náði ekki góðum tókum á. Þá má skrá athugasemdir jafnóðum og senda í netpósti.

Búi Kristjánsson og Halla Sólveig Þorgeirsdóttir teiknuðu líflugar myndir sem höfðu til barna á öllum aldri en Felix Bergsson og Védís Hervör Árnadóttir ljá þeim Mána og Maju raddir sínar.

KIDS SOUND LAB - KENNIR ENSKU MÁLHLJÓÐIN

Bryndís gefur einnig út smáforritið Kids Sound Lab, með sömu aðferðafræði. Hljóðin eru sett upp í sömu röð og



enskumælandi börn tileinka sér hljóðin í máltökunni og hægt er að fylgja þeirri röð eða velja sjálfur hvaða hljóð er æft hverju sinni. Ráðgefandi aðilar eru bandarískir fræðimenn á þessu sviði: Barbara Hodson og Katherine Abbott Verdolini en þær eru leiðandi sérfræðingar í heiminum á sviði hljóðkerfisvitundar og raddarinnar.

Bryndís Guðmundsdóttir er talmeinafræðingur hjá Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar og Talþjálfun Reykjavíkur.

Fljúgandi teppi

- Menningarmót í Háteigsskóla fimm ára.



Að gefa hlutdeild í áhugamálum sínum.



Menningarmót eru fastur liður í starfi Háteigsskóla.

Menningarmótsverkefnið *Fljúgandi teppi*, sem er þáttur í fjölmenningsstarfi Borgarbókasafns Reykjavíkur, hefur nú flogið milli skóla í Reykjavík í fimm ár. Verkefnið fagnar margbreytileika nemenda og skapar vitund um mikilvægi menningarheims hvers og eins; að allir geymi fjársjóð inni í sér sem full ástæða er til að deila með öðrum.

Á menningarmótum kynnir hver þátttakandi sín áhugamál og menningu á skapandi hátt. Þá er ekki endilega verið að hugsa um þjóðarmenningu heldur einungis það sem skiptir mestu máli fyrir hvern og einn. Allir eru þátttakendur og áhorfendur um leið.

Frá árinu 2008 hafa verið haldin 60-70 menningarmót í leik-, grunn- og framhaldsskólum í Reykjavík, þar af 10 á þessu skólaári.

Háteigsskóli er einn þeirra skóla sem ákveðið hafa að gera þátttöku í verkefninu að föstum lið í skólafarfinu. Þeim skólum fer ört fjölgandi sem halda menningarmót árlega hjá ákveðnum árgangi, og aðrir hafa slíkt mót á öllum stigum skólans.

Myndirnar eru úr Háteigsskóla.

Markmið verkefnisins *Fljúgandi teppi* er að:

- skapa hvetjandi umhverfi þar sem nemendur, foreldrar og starfsfólk af erlendu bergi brotið og Íslendingar hittast og kynnast menningu hver annars,
- stuðla að gagnkvæmri virðingu og skilningi,
- skapa vettvang þar sem við getum undrast og hrifist af því, sem er líkt og ólíkt í menningu okkar,
- hinir ólíku menningarheimar mætist í tónlist, dansi, myndlist, bókmenntum, kvikmyndum, matargerð, ævintýrum og goðsögnum, frásagnarlist, leiklist, leik og hreyfingu,
- einstaklingar verði meðvitaðir um gildi eigin menningar við það að kynna hana fyrir öðrum,
- þróa hæfileika barnanna til að geta tekið virkan þátt í samfélaginu og gera sér ljóst að ólík menning geti auðgað þeirra eigin menningu.



Sigurbjörg Friðriksdóttir, Elsa Rut Róbertsdóttir og Guðrún Lára Magnúsdóttir.



Leikur er yndi barna í Leikskólanum Ásgarði á Hvammstanga.

Flæði er æði

Þróunarverkefnið Leikur er barna yndi í Ásgarði á Hvammstanga.

Markmiðin með verkefninu Leikur er barna yndi á leikskólanum Ásgarði voru að auka gæði frjálsa leiksins sem í daglegu tali innan skólans er nefndur „flæði“, nýta betur húsnæði og efnivið skólans og dýpka þekkingu og færni starfsfólks til að vinna í anda hugmyndafræði Mihaly Csikszentmihalyi. Samkvæmt kenningum hans er flæði þær stundir sem við njótum okkar best (Csikszentmihalyi, 1997).

Með því að nýta betur húsnæði og leikefnið og gefa flæði aukið vægi í dagskipulagningu var stefnt að því að nemendur upplifðu meiri leikgleði, sýndu aukið frumkvæði, virkni og einbeitingu og öðluðust frekari færni í samskiptum, samvinnu og hjálpsemi. Með því að auka þekkingu starfsfólksins á fræðunum átti það að upplifa meiri starfsánægju og verða öruggara og þar af leiðandi betur í stakk búíð að gefa af sér í leik og starfi.

Til að kanna viðhorf foreldra og starfsfólks til þeirra breytinga sem voru gerðar lögðum við, leikskólakennararnir, spurningalista fyrir við upphaf og lok verkefnis. Notast var við Likert-kvarða og þegar niðurstöður úr spurningalistum voru skoðaðar kom í ljós að langflestir voru mjög ánægðir með breytingarnar.

Fylgst var með leik nemenda og þátttöku og líðan starfsfólks í flæði. Hjá nemendum var fylgst með hvort leikgleði, virkni, frumkvæði, einbeiting, samvinna og hjálpsemi væru til staðar og hjá starfsfólki var fylgst með öryggi

þess, vellíðan og þátttöku í leik nemenda. Skráð var á þar til gerð eyðublöð.

Þegar niðurstöður skráninga meðal nemenda voru skoðaðar kom í ljós að leikgleði og virkni voru alltaf til staðar þegar skráð var. Frumkvæði nemenda var langoftast til staðar og einbeiting þeirra var oftast en ekki mikil. Samvinna nemenda var góð en þó mismikil á milli deilda, t.d. var hún minni í Listagarði en í öðrum deildum. Út frá þeim athugasemdum sem skráðar voru má leiða líkum að því að það stjórnist af þeim viðfangsefnum sem þar var fengið við. Hjálpsemi nemenda var mikil í flestum deildum, en þó lítil í Sullgarði þar sem nemendur léku sér og gerðu tilraunir með vatn á eigin forsendum og sóttust ekki eftir hjálp frá samnemendum. Samskipti nemenda voru í öllum tilfellum góð þegar skráningar áttu sér stað.

Niðurstöður skráninga meðal starfsfólks sýndu að það var almennt mjög öruggt í starfi sínu og vellíðan þess mikil. Þátttaka í leik nemenda var mikil í flestum gördum en í Ævintýragarði, Útgarði og Kubbagarði kom hún þó ekki fram nema í helmingi skráninga. Ástæður sem skráðar voru í athugasemdir voru að starfsfólk hefði verið að sinna öðrum verkefnum, hafi verið til staðar, fylgst með og aðstoðað eftir þörfum. Niðurstöður skráninganna eru mjög jákvæðar og uppfylla þau markmið sem sett voru í upphafi.

Vinnan við þróunarverkefnið hefur verið mjög lærdómsrík. Nemendur eru

gláðir, þeim líður vel og eru sjálfstæðir og öruggir. Þeir ákveða sjálfir hvað þeir taka sér fyrir hendur og fá næði til að þróa leik sinn áfram. Þeir eru uppteknir af þeim viðfangsefnum sem þeir fást við og gleyma bæði stund og stað. Starfsfólk Ásgarðs á heiðurinn að því hvað vel hefur tekist til. Það hefur verið með í breytingarferlinu frá upphafi og sótt námskeið til að efla sig í starfi. Starfsfólkið er vel meðvitað um hlutverk sitt og hefur með þátttöku sinni og virkni skapað aðstæður þar sem hver og einn nemandi finnur verkefni við hæfi. Allir eru tilbúnir að leggja allt undir til að vinna í anda Mihaly. Foreldrar eru einnig áhugasamir og jákvæðir gagnvart breytingunum og styðja þær.

Þær breytingar sem við höfum gert hafa skilað sér út í samfélagið og tala gestir og gangandi um hvað börnin séu einbeitt og yfirveguð og andrúmsloftið afslappað. Það er mat okkar sem fórum fyrir verkefninu að vel hafi tekist til. Þó svo að verkefninu sé formlega lokið höldum við áfram að þróa starfið í anda Mihaly. Leikur er barna yndi stóð yfir í Ásgarði frá ágúst 2011 til janúar 2013. Sprotasjóður styrkti verkefnið. Lokaskýrsla verkefnisins er á vef leikskólans.

Heimildir:

Csikszentmihalyi, M. (1997). *Finding Flow, The Psychology of Engagement with Everyday Life*. New York; Basic Books.

Texti: Sigurbjörg Friðriksdóttir, Elsa Rut Róbertsdóttir og Guðrún Lára Magnúsdóttir.

Myndir: Leikskólinn Ásgarður.

SAMBÆTT PRÓUNAR- VERKEFNI Í ÁRTÚNSSKÓLA.

Tónlist skógarins er nýstárlegt samþætt þróunarverkefni sem nemendur í Ártúnsskóla unnu í vor. Afrakstur verkefnisins var umtalsverður þar sem nemendur lærðu eitt og annað um skógrækt og skógarafurðir, smíðar, samvinnu, hljóðfæri, tónlist og síðast en ekki síst tónsmíðar. Tónverkið Árstíðirnar eftir nemendur var svo flutt á uppskeruhátíð skólans í grenndarskóginum á tvennum tónleikum öllum til ánægju.

Sesselja Guðmundsdóttir, tónmenntarkennari í Ártúnsskóla, leiddi vinnuna við verkefnið innan skólans en auk hennar tóku þátt Anna S. Skúladóttir, verkefnisstjóri útináms, og fleiri kennarar auk stuðningsfulltrúa bekkjanna. Þverfaglegi þátturinn var sóttur í samstarf við Ólaf Oddsson, fræðslustjóra Skógræktar ríkisins og verkefnisstjóra verkefnisins Lesið í skógin, Trausta Jónsson, frístundaráðgjafa Þjónustumiðstöðvar Árbæjar- og Grafarholts, og Óskar Baldursson og Hallgrím Jón Hallgrímsson hjá umhverfisviði borgarinnar. Hópurinn hittist reglulega og allir tóku þátt í útidögum verkefnisins. Markmiðið var að þróa samþætt, þverfagleg verkefni í skógartengdu útinámi með sterkri tengingu við hina nýju námskrá og sérstaklega grunnþættina: sjálfbærni, læsi, jafnrétti og lýðræði. Vonast var til að með því mætti safna mikilvægri reynslu sem miðla mætti til kennara.

Þátttakendur voru nemendur í 3. og 6. bekk og tengdist verkefnið tónmennt, náttúrufræði og smíði sérstaklega. Markmið voru valin úr áfanga- og hæfniviðmiðum í námskrá með hliðsjón af grunnþáttum menntunar. Verkefnið hófst formlega í byrjun árs og lauk um miðjan maí 2013 með uppskeruhátíð með þátttöku nemenda, starfsfólks og foreldra.

TENGING VIÐ SKÓGAR- AUÐLINDINA

Farnar voru tvær meginferðir í skógin með nemendum. Í fyrri ferðinni var hugað að grisjun og umhirðu og velt fyrir sér hvers konar við mætti nota í

Tónlist skógarins

Börnin upplifðu að þau hefðu í sameiningu fengið að ráða öllu um framvindu tónlistarinnar og þau voru stolt af útkomunni. Þau áttu öll þátt í hljóðfærasmíðinni og höfðu mörg hver áhuga á að halda áfram slíkri vinnu.

hljóðfæragerðina. Óskar fór í gegnum grisjunina sem fólst aðallega í því að snyrta birkitré sem voru löskuð eftir snjóbrota. Allir lærðu að lesa í ástand skógarins, saga og klippa greinar, og Hallgrímur kenndi nemendum að lesa í viðinn og kljúfa hann. Trausti og Sesselja spáðu í ólík hljóð og styrk tegundanna og önnur hljóð í skóginum og skoðuðu fuglalífið. Ólafur vann með höfuðáttirnar og hvaða þættir hefðu áhrif á vöxt og heilbrigði gróðursins í grenndarskóginum.

Í seinni ferðinni var nemendum skipt í blandaða aldurshópa eftir fæðingardögum og unnu þeir með þá árstíð sem þeir voru fæddir í. Leitað var að þáttum sem túlka mætti í tónverki um skógin. Hugmyndir og upplifanir voru skrifaðar niður eftir djúpar árstíðatengdar pælingar um veður, dýralíf, gróður og skógarstemningu.

TÓNVERKIÐ TÓK Á SIG MYND ÁRSTÍÐANNA

Nemendur unnu síðan við hljóðfæragerð og lagasmíðar undir stjórn Sesselju og smátt og smátt urðu til hljóðfæri úr efni skógarins, svo sem tréspil, trommur, sleglar og skröpur. Tónverkið tók á sig mynd árstíðanna og nemendur þurftu að koma sér saman um hljóðfæraaval, tóna, takt, hljóðstyrk og blæbrigði. Lýðræðisleg vinnubrögð og jafnrétti skiptu þarna miklu máli og þrátt fyrir þriggja ára aldursmun á nemendum varð ekki séð að hallaði á neinn þegar hlustað var á umræður og viðbrögð við tillögum innan hópanna. Tónverkið Árstíðirnar í skóginum var svo flutt á tvennum tónleikum í grenndarskógi Ártúnsskóla.

Vindharpan
leikur ljúfa tóna
í blænum.



Tónlist samín í góðri samvinnu.

BÖRNIN STOLT AF ÚTKOMUNNI

Ef mið er tekið af umsögnum og mati nemenda og leiðbeinenda í verkefninu náðust öll helstu markmið sem sett voru í upphafi. Nemendum fannst verkefnið skemmtilegt og nær öllum fannst þeir hafa lært eða uppgötvað eitthvað nýtt, svo sem að það væri létt að semja tónlist, hvað fuglarnir sungu fallega, og að hægt væri að búa til hljóðfæri úr tré. Börnin upplifðu að þau hefðu í sameiningu fengið að ráða öllu um framvindu tónlistarinnar og þau voru stolt af útkomunni. Þau áttu öll þátt í hljóðfærasmíðinni og höfðu mörg hver áhuga á að halda áfram slíkri vinnu.

Texti og myndir: Ólafur Oddsson.



Áhugi kennara á að þróa sig í starfi og fylgjast með nýjungum er mjög mikill.

Skólaheimsóknir og kennslugagnasýningar

Þeir Ólafur Sigurðsson og Jón Karl Einarsson hafa lengi aðstoðað kennara á öllum skólastigum við að komast á kennslugagnasýningar erlendis. Jafnframt hafa þeir komið íslenskum kennurum í samband við erlenda skóla, þar sem þeir hafa fylgst með kennslu og fengið kynningu á námskrám og kennslubúnaði viðkomandi skóla.

Ólafur starfar hjá Varmás ehf. og er tíður gestur í skólum þegar uppfæra þarf hugbúnað eða setja upp nýjan vélbúnað. Jón Karl Einarsson hefur áratuga reynslu sem fararstjóri og skipuleggjandi ferða. Fyrirtæki hans, Fararsnið ehf. sérhæfir sig í að skipuleggja ferðir fyrir hópa, eins og t.d. kennara og tónlistarmenn.

Ólafur og Jón Karl eru upphafsmenn að ferðum kennara á „Bett“ í London og „Education Show“ í Birmingham,

en þangað liggur leið flestra farþega þeirra. Sú sýning hefst á miðvikudegi og lýkur á laugardegi. Með tilkomu flugs Icelandair beint til Manchester, sem aðeins er í rúmlega 100 km fjarlægð frá miðborg Birmingham, hefur ferðatíminn út styst talsvert. Þó þarf að gista í London síðustu nóttina, en margir hafa notað tækifærið og farið á fótboltaleik eða í leikhús í stórborginni.

Hægt er að fljúga heim hvort heldur um hádegisbil á sunnudegi eða með kvöldflugi. Leikskólakennurum hefur fjölgað jafnt og þétt í þeim hópi sem sækir Education Show í Birmingham því sú sýning þykir hafa margt forvitnilegt að bjóða kennurum á því skólastigi.

Til að hægt sé að skipuleggja þessar ferðir á hagstæðu verði fyrir kennara

er mikilvægt að hópurinn sé ekki of lítill, því alltaf nást hagstæðari samningar fyrir fleiri en færri. Reynsla Ólafs og Jóns Karls sýnir að áhugi íslenskra kennara á að þróa sig í starfi og fylgjast með nýjungum er mjög mikill og smitar út frá sér. Því eru þeir félagar reiðubúnir að koma til móts við óskir kennara sem fréttu af áhugaverðum sýningum, vestan hafs eða austan. Þeir hafa einnig aðstoðað við skipulagningu skólaheimsóknna kennarahópa, t.d. ferðir Grunnskóla Hornafjarðar og Húsaskóla til Spánar, Glerárskóla til Garda-vatnsins á Ítalíu og Seljaskóla til Budapest.

Kennarahópar sem hyggjast fara í hópferð næsta skólaár geta leitað upplýsinga um framboð ferða hjá Ólafi olisig@varmas.is og Jóni Karli jonkarl@fararsnid.is.

KYNNTU ÞÉR RAFRÆNT SKÓLASAMSTARF Í EVRÓPU á eTwinning.is

Einföld verkefni fyrir kennara og nemendur og þátttaka í evrópsku skólasamfélagi á netinu.



TRAS-skráning á málproska ungra barna



Íslenski TRAS hópurinn. Frá vinstri: Björk Alfreðsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir, Hólmfríður Árnadóttir, Hrafnhildur Karlsdóttir og Margrét Tryggvadóttir. Á myndina vantar Ásthildi Bj. Snorradóttur.

Út er komið TRAS efni sem er ætlað til skráningar á málproska tveggja til fimm ára barna. Efnið var þróað og samið af fræðimönnum í Noregi og er víða notað í leikskólum á Norðurlöndum. TRAS efnið er ætlað til stuðnings fyrir fagfólk leikskóla til að það geti, á markvissan hátt, skipulagt málörvun í daglegu leikskólastarfi. Markmiðið er að leikskólakennarar fylgist með og fái yfirsýn yfir málproskaframvindu barns.

Íslenski TRAS hópurinn hefur frá því í maí 2009 unnið að þýðingu, staðfærslu og innleiðingu á TRAS. Þá tóku leikskólakennarar og annað fagfólk í tólf leikskólum á Suðurlandi og sex leikskólum í Hafnarfirði þátt í að prófa skráningarlistann. Yfir 100 börn á aldrinum 2-5 ára voru skráð skólaárin 2009-2011.

Með notkun TRAS verður til samræmd, marktæk skráning á málproska allra barna á deildum leikskóla. Niðurstöðurnar geta verið lýsandi fyrir hvernig aðstoð eða hvaða úrræðum þörf er á, með áherslu á snemmtæka íhlutun. Lögð er áhersla á samvinnu við foreldra.

Skólaskrifstofa Suðurlands og Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar hafa frá upphafi styrkt verkefnið með ráðum og dáð. Aðstoð leikskólanna og skólaskrifstofanna var ómetanleg við innleiðinguna.

Námsmatsstofnun gefur efnið út og annast sölu þess og námskeiðahald, en Íslenski TRAS hópurinn mun annast kennslu á námskeiðunum. Upplýsingar um TRAS og skráningar á námskeið eru á heimasíðu Námsmatsstofnunar.

TRAS er skammstöfun norska heitisins: Tidlig Registrering Av Språkutvikling.

Mynd: Ragnar S. Ragnarsson.

MYNDMÁL

Myndmál er myndrænt orðasafn fyrir leik- og grunnskólabörn til að læra íslensku með myndum, hljóði og texta, í einföldum útgáfum.

Myndmál nýtist mjög vel sem kennslumhverfi fyrir tvítyngd börn, börn með þroskahamlanir, unga einstaklinga með einhverfu og ýmsa aðra sem eru með slakan orðaforða.

Kerfið er því kjörið fyrir sérkennslu af hvaða tagi sem er til að auka almennan skilning. Einfaldar lestraræfingar eru líka í Myndmáli og því gott fyrir þá sem eiga í erfileikum með að ná tókum á lestri.

Myndmál gerir fagfólki kleyft að halda utan um frammistöðu nemenda sinna á einfaldan og þægilegan máta með því að skrá niður getu barnanna. Skráningarblöð fylgja einungis skólaútgáfunni.

Í dag eru yfir 800 myndir með hljóði og texta en þar sem Myndmál er í stöðugri þróun á eftir að bætast við þennan fjölda. Myndmál skiptist í flokka, þeir eru 20 talsins og undirflokkar eru 26. Athugið að fjórir flokkar eru opnir öllum í prufuútgáfu.



myndmal.is

Höfum kennaralaunin á Íslandi jafn góð og í öðrum löndum

Framhaldsskólinn á Íslandi er ódýr í rekstri samanborið við önnur OECD lönd. Árlegur heildarkostnaður á hvern framhaldsskólanema á Íslandi og hlutfall kennaralauna af íslenski þjóðarframleiðslu á mann eru langt undir meðaltali landa OECD. Hér innanlands er um 16% launamunur milli kennara og annarra sérfræðinga hjá hinu opinbera á Íslandi vel þekktur og reglubundin laun sérfræðinga á almennum markaði eru rúmlega 70% hærrí en meðaldagvinnulaun framhaldsskólakennara.

Erfitt er að aðskilja umræðu um launamat á störfum kennara frá umræðu um fjárhagsleg rekstrarskilyrði framhaldsskóla undanfarinn áratug.

Mikilvægt er að átta sig á því að fjölgun nemenda í framhaldsskólum hefur verið mætt með árvissum niðurskurði á framlögum til rekstrarkostnaðar frá því löngu fyrir hrun. Fyrir fjölgun nemenda og verkefna hefur lítið eða

ekkert verið greitt. Framhaldsskólar geta ekki brugðist við niðurskurðarkröfum með því að draga saman seglin í starfseminni og fækka nemendum og verkefnum, þar sem starfsemi þeirra er lögbundin. Stjórnvöld fóru strax upp úr 2000 offari í hagræðingu í framhaldsskólum. Opinber gögn sýna að allt frá 2005-6 hafa fjárfrahlög til framhaldsskóla vegna launakostnaðar verið langt undir viðurkenndum tölum um meðallaun starfsmanna og var munurinn orðinn 24% árið 2012.

Á undanförunum kreppuárum hefur framhaldsskólinn tekið þátt í að stoppa upp í fjárlagagatið til jafns við aðra. Það var hins vegar rangt gefið í spiliinu í mörg ár fyrir efnahagshrunið og framhaldsskólinn hefur því orðið verr úti en ella. Þegar lagðar eru saman tölur um beinan niðurskurð fjármuna og tölur um óbættan kostnað vegna fjölgunar nemenda er niðurskurður á árabílinu 2008-2012 talinn nema tæpum 12 milljörðum króna. Viðreisnaráætlun fyrir rekstur og fjármögnun framhaldsskóla í landinu þarf að ganga út á skynsamlega áætlun um að skila þessum fjármunum til baka.

Yfirlýsingar um nauðsyn þess að skera niður nám í framhaldsskólum til þess að að íslenskur framhaldsskóli sé „eins og í öðrum löndum“ virka því býsna hjáróma á fólk sem starfar í skólunum. Sáralítið hefur í fjölmíðlaumræðunni verið fjallað um framhaldsskólann í nágrennalöndunum, t.d. lengd skólaársins, námsframboð og námsskilyrði, fjárhagsstuðning við nemendur og fjölskyldur þeirra, stoðþjónustu í framhaldsskólum og almennan aðbúnað. Eina málið sem kemst að er að nú þurfi að skera eitt ár af framhaldsskólamenntun nemenda til þess að skólastarfið kosti íslenska ríkið (ennþá) minna fé.

Í löndum OECD eru framhaldsskólakennurum greidd laun sem samsvara að meðaltali 1,32 af vergri landsframleiðslu á mann (VLF). Slíkar tölur má líta á sem mat á starfi starfsstéttarinnar í viðkomandi landi og þannig nota til þess að bera slíkt mat saman á milli landa. Talan fyrir Ísland er 0,85. Ef Íslendingar næðu meðaltali OECD landanna væru meðaldagvinnulaun íslenskra framhaldsskólakennara 585.886 kr. á mánuði, en ekki 377.275 kr. Ef jafnað



Elna Katrín Jónsdóttir.

Ef Íslendingar næðu meðaltali OECD landanna væru meðaldagvinnulaun íslenskra framhalds- skólakennara 585.886 kr. á mánuði en ekki 377.275 kr.

væri við mat á kennarastarfinu í Sví- þjóð eða í 0,99 af VLF fengist launa- talan 439.415, eða nánast sama tala og meðaldagvinnulaun BHM, en jöfnuður við matið í Danmörku sem er 1,63 af VLF myndi skila rösklega jöfnuði við meðallaun sérfræðinga á almennum markaði á Íslandi. Sjá skýringarmynd hér. Svona mætti halda áfram en kjarni málsins er þessi: Fá OECD ríki meta kennarastarfið lakar til launa en Ísland. Svo nú skal því beint til áhugamanna um að gera framhaldsskólann eins og „í öðrum löndum“ að byrja á réttum enda og verðmeta kennarastarfið svip- að og þar tíðkast.

Elna Katrín Jónsdóttir, kennari í Kvennaskólanum í Reykjavík.

Greinin var birt sem Vikupóstur á vef FF.

Flottar yfirhafnir fyrir flottar konur

St. 38-58



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is



KROSSGÁTA SKÓLAVÖRÐUNNAR




Sendið lausnina ásamt nafni og heimilisfangi til Skólavörðunnar, Kennarahúsinu, Laufásvegi 81, 101 Reykjavík fyrir 20. desember nk. Heppinn lesandi fær í verðlaun bókina: *Árið sem tvær mínútur bættust við tímann* eftir Rachel Joyce í þýðingu Ingunnar Snædal. Bókaútgáfan Bjartur & Veröld gaf bókina.

LÁRÉTT

3. Fugl af snípuætt sem myndar sérstakt hljóð með stélfjöðrum sínum. (12)
6. Þjalla af ættinni Curculionidae sem eru með höfuð ummynduð í trjónu. (10)
7. Eftirnafn bresks barnabókahöfundar af norskum ættum. (4)
10. Lítið dýr þekkt fyrir hæfileika sinn til að drepa slöngur. (6)
11. Fylkið sem Chicago er í. (8)
12. Réttur búinn til úr broddmjólk. (8)
14. Hand- eða fótknúið spunaverkfæri. (6)
16. Skrá yfir afkomendur. (8)
18. Það sem er í holrúmi beina. (10)
20. Portúgölsk eyja undan vesturströnd Norður-Afríku. (7)
22. Stórt tjald. (8)
24. Gutenberg er faðir þessarar listgreinar. (9)
26. Margaret _____ kanadískur rithöfundur sem hefur skrifað meðal annars Sögu þernunnar. (6)
27. Japönsk flotaborg. (8)
30. Höfuðborg Babýloníu (5)
33. Vökvi sem inniheldur 2-5% af kjarnaólíum í vatni og alkóhóli. (10)
34. Þýska þingið. (9)
35. Kviðdómur skipaður 12 mönnum. (12)
38. Mjúkur aftari hluti efri göms. (8)
39. Andlegur leiðtogi og kennari (10)
40. Staður sem Superman notar oft til að skipta um fót. (9)
42. Hár og mjór turn við mosku. (8)
43. Þau efni sem lífvera getur ekki búið til, heldur þarf að fá úr umhverfinu. (12)

LÓÐRÉTT

1. 9,461 × 1012 kílómetrar. (6)
2. Hvarfgjörn gulgræn lofttegund. (5)
3. Heiti Grikkja á undirheiminum. (5)
4. Dýrin sem eru sögð hafa mannsaugu. (8)
5. Núverandi íslenskt heiti Eystri-Árósa í Svíþjóð. (8)
6. Hollenskur málari þekktur fyrir 9. lóðrétt. (9)
8. Svæði fyrir framan sveitabæ. (4)
9. Andlitsmynd. (8)
13. Staður á golfvelli þar sem nota má tí. (6)
15. Höfuðborg Afganistan. (5)
17. Faðir Maríu meyjar. (6)
19. Sá hluti eyrans sem heyrnarbeinin eru í. (7)
21. Annar mánuður ársins hjá Rómverjum. (5)
23. Friðlýst steintegund hér á landi. (11)
25. Þeir sem þjálfa hesta. (12)
26. Byggingarlist. (10)
28. 7.300 km langt mannvirki. (10)
29. Starfstíll Otto Katz sem var yfirmaður Svejk. (10)
31. Marie _____ Joséphe Jeanne de Habsbourg-Lorraine. (10)
32. Ávextirnir sem eru notaðir í moussaka. (10)
36. Bær norður af Kaupmannahöfn. (6)
37. Ávextir Phoenix dactylifera. (6)
41. Íslenskur farfugl sem ber tegundarheitið Sterna paradisaea. (4)



LAUSN KROSSGÁTU Í 1. TBL. SKÓLAVÖRÐUNNAR 2013.

Dregið var úr réttum lausnum á krossgátu síðasta tölublaðs sem bárust og upp kom nafn Rannveigar Þórhallsdóttur Ólafsgæsla 113, Reykjavík. Hún hlaut í verðlaun bókina Sælkeragöngur um París myndaðar af Silju Sallé, eldaðar af Sigríði Gunnarsdóttur. Bókaútgáfan Salka gaf bókina.



Hjá Krumma fæst vandaður efniviður í skólastarfið



Gylfaflöt 7, 112 Reykjavík

587-8700 www.krumma.is

Opnunartími: mán-fös 8:30-18:00, lau. 11:00-16:00

KRUMMA





ÞEKKIR ÞÚ LÍFEYRISRÉTT ÞINN?

Velkomin til okkar að Engjateigi 11, við tökum vel á móti þér.

Hefur þú skoðað vefsíðu LSR?

Þar getur þú sótt upplýsingar með rafrænum hætti.



Lífeyrissjóður
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
Fax: 510 6150
lsr@lsr.is

www.lsr.is